

# MOSFELLINGUR

4. TBL. 24. ÁRG. FIMMTUDAGUR 3. APRÍL 2025 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



FUGLAHRÆÐAN,  
DÓRÓTHEA,  
LJÓNID OG  
TINKARLINN

Mynd/Hilmur

Leikfélag Mosfellssveitar sýnir í Bæjarleikhúsinu • Ævintýrlegur söngleikur

## Galdrakarlinn í Oz frumsýndur

Leikfélagið hefur nú sýnt sex sýningar af Galdrakarlinum í Oz og eru fleiri sýningar á dagskrá næstu sunnudaga. Sýningin er byggð á samnefndri bók eftir L. Frank Baum.

Alls koma yfir 30 manns að sýningunni, leikarar og baksviðsfólk og flytja söguna af ævintýrlegu ferðalagi Dóróthea og Tóto, hundinum hennar, til ævintýralandsins Oz.

## EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



### Súluhöfði 8 - Fallegt parhús

Mjög fallegt og vel skipulagt 189,7 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr í litlum botnlanga. Frábært fjölskylduhús á vinsælum stað með stóru hellulögðu bílplani og timburveröndum.

V. 149,9 m.



**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

**F** **L**  
FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNID!

MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM

Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg  
inn í sumarið

**redder**  
Byggingalausnir

Hyrjarhöfða 2  
Sími 558 0888  
www.redder.is



ÁEINS  
2900 KR.  
SKAUFAN




GLEDILEGA PÁSKA!

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBÆJARLIS



Mosfellingurinn Halldóra Hulð Ingvarsdóttir sjúkráþjálfari

**Hreyfing er allra  
meina bót** »26

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

**Jóns B. ehf**

Flugumýri 2, Mosfellsbær

Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is

WWW.JONB.IS



CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR



Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.

**Prófkort:** Hjördis Kvaran Einarsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 1. MAÍ

## Menning í mars

Menning í mars var yfirskrift síðasta mánaðar í Mosó. Fjöldi viðburða fór fram og var gaman að fylgjast með gróskunni í menningunni í bæjarfélaginu. Eins og glögg má sjá í blaðinu í dag voru viðburðirnir æði fjölbreyttir, tónleikar, listsýningar, bíó, leiklist, jeppamenning og fleira. Vonandi vex þetta ennþá frekar á næstu árum.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

Leikskólinn sem nú rís í Helgafellshverfi hefur fengið nafnið Sumarhús. Það er vel við hæfi þar sem göturnar allar í hverfinu hafa einhverja skírskotun í verk Nóbelskaldsins okkar Halldórs Laxness.

Leikskólanum mínum gamla, Hlaðhömrum, hefur hins vegar verið lokað vegna rakaskemmda og ákvörðun verður tekin á næstunni hvort rífa eigi húsið. Hlaðhamrar er elsti leikskóli Mosfellsbæjar en hann tók til starfa árið 1976. Börn af leikskólanum munu m.a. flytjast í Sumarhús þegar sá leikskóli opnar í haust.



# ÍSFUGL

www.isfugl.is




## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### ÁLAFOSS OG NÖFN GÖMLU HÚSANNA Í KVOSINNI

Mosfellingar fjölmenntu í Hlégarð þann 27. mars sl. Þar var frábær dagskrá um Álafoss og sögu staðarins. Meðal annars var fjallað um gömlu nöfnin á húsunum í Kvosinni. Myndin sem fylgir var birt í Mosfellingi fyrir 15 árum (2. desember 2010). Hún var nafnsett af Viggó Valdimarssyni, sem vann lengi á staðnum og Tómasi Lárussyni sem ólst upp í Brúarlandi.

Herbúðasvæðið í Mosfellsveit var kennt við Álafoss, af herliðinu, en það skal áréttað að enginn braggi eða hernaðarmannvirki voru reist þar. Á ljósmyndinni sem hér birtist má sjá hvernig umhorfs var á Álafossi á stríðsárunum.

1. White Horse Camp
2. Þrælabyrgi, en þar bjó m.a. Viggó Valdimarsson ráðsmaður.
3. Hlaða og fjós fyrir 20 kyr
4. Sláturhús
5. Starfsmannahús, en þar bjuggu um þetta leyti Sveinn Árnason og Þorsteinn Guðbrandsson með fjölskyldur sínar en í kjallara Egill Sigurðsson, sem lengi starfaði á Álafossi.
6. Skálinn – starfsmannahús
7. Hansenshús – starfsmannahús
8. Hús, sem nú ber nafnið Þrúðvangur en þar var áður m.a. eldhús og mótuneyti.
9. Sundlaugin
10. Hlaða og fjós
11. Íbúð Sigurjóns Péturssonar en að auki voru þar saumastofa og aðstaða fyrir starfsmenn
12. Verksmiðjuhús
13. Tindastóll en þar var m.a. vélsmiðja. Á gaffli stendur: Álafoss-föt bezt
14. Leikhús
15. Drift
16. Brekka (Kríustaðir)
17. Helgafell



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

## Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn





# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## REYKJAMELUR 14A

Nýlegt og mjög fallegt 150,0 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með bílskúr. Mikil lofthæð, hljóðdúkur í alrými með innbyggðri lýsingu. Fallegar innréttingar frá Kvík. Frábær staðsetning innst í botnlanga.

V. 129,9 m.



## HJALLAHLÍÐ 19C

Rúmgóð og vel skipulögð 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjórbylishúsi ásamt bílskúr. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi (hægt að bæta við öðru), forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús, borðstofu og stofu. Svalir í suðvesturátt með fallegu útsýni.

V. 87,9 m.

## BREKKULAND 4A - GLÆSILEGT



Sérlega glæsilegt 339,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á pöllum með bílskúr og stúdíóíbúð. Staðsetningin er afar góð á stórrí eignarlóð, rétt ofan við Álafossvosina, með útsýni yfir sjálfan Álafossinn og með Varmárdalinn og Helgafell ásamt Lágafelli og Úlfarsfelli í suðvestur.

Tilboð



## VEFARASTÆTI 18

Björt og mjög falleg 110,7 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með útgengi út á verönd (27 m<sup>2</sup> sérafnotareitur) í suðurátt ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Gott skipulag, fallegar innréttingar frá Axis og innfeld lýsing hönnuð af Lumex.

V. 81,0 m.



## BJARKAHOLT 25

Mjög falleg og vel skipulögð 129,0 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaiðbúð með fallegu útsýni á 3. hæð ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Tvennar svalir með svalaloknum. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 97,5 m.



## LEIRVOGSTUNGA 41

Glæsilegt 214,5 m<sup>2</sup>, 5-6 herbergja einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Gólfhiti er í húsinu og innbyggð lýsing í flestum rýmum. Húsið var hannað með það í huga að hægt væri að gera auka íbúð í húsinu. Hellulögð verönd til suðurs og vesturs.

V. 169,9 m.



## URÐARHOLT 4

Falleg og vel skipulögð 49,3 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð í litlu fjölbylishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi/þvottaherbergi. Björt og falleg tveggja herbergja íbúð í miðbæ Mosfellsbæjar.

V. 45,9 m.



## LINDARBYGGÐ 13

Mjög fallegt 180,1 m<sup>2</sup>, parhús ásamt auka íbúð í bílskúr. Afgirtur garður með timburverönd og garðhúsi. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu og hleðslustöð. Frábær staðsetning í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ, leiksskóli í næsta nágrenni.

V. 131 m.



## BJARKARHOLT 17

Falleg og vel skipulögð 68,1 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi við miðbæ Mosfellsbæjar. Svalir í vesturátt með fallegu útsýni. Sérgeymsla í kjallara. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 62,9 m.



## BLÍKAHÖFÐI 7

Falleg og vel skipulögð 77,0 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð (3.hæð). Vinsæll staður í Mosfellsbæ, mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt, en auk þess er golfvöllur og fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni.

V. 67,9 m.



## STÓRIKRIKI 46

Mjög fallegt 234,8 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög rúmgóð svefnherbergi og stofur. Svalir með fallegu útsýni. Bakgarður með tveimur timburveröndum, geymsluskúr og grasi. Steypt bílaplan og timburverönd í suðurátt.

V. 149 m.



## BRATTHOLT 6A

Fallegt og vel skipulagt 131,5 m<sup>2</sup>, tveggja hæða endaraðhús. Efri hæð skiptist í forstofu, gang, stofu og eldhús, svefnherbergi og stiga niður á neðri hæð. Neðri hæð skiptist í hol, svefnherbergi, baðherbergi með þvottaðstöðu og geymslu.

V. 89,9 m.



## HLUTDEILDARLÁN

## HULDUGATA 2-4

Nýjar 2-3 herbergja íbúðir með möguleika á hlutdeildarlánunum. Íbúðirnar eru 2ja til 3ja herbergja og afhendast fullbúnar í júlí 2025 með innréttingum og gólfefnum en auk þess afhendast þær með ísskáp, innbyggðri uppþvottavél, sambyggðri þvottavél/þurrkara og rúllugardinum.

V. 58,0 m. og 69,0 m.





## 16 einbýlishúsalóðir til úthlutunar

Mosfellsbær auglýsir um þessar mundir 16 lausar lóðir við Úgötu í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ. Lóðirnar eru allar skipulagðar fyrir einbýlishús á tveimur hæðum. Úgata er í suðurhlíðum Helgafells og er eitt glæsilegasta byggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Lóðirnar sitja hátt í landinu og þaðan er mikið útsýni. Í hverfinu er lögð áhersla á fjölbreytta byggð, vandaða umhverfismótun og góða tengingu við útivistarsvæði og ósnortna náttúru. Hverfið liggur vel við megin umferðarkerfi Mosfellsbæjar og er skammt frá miðbænum og allri þeirri þjónustu sem þar er í boði. Umsóknarfrestur er til 22. apríl.



## Selja Rauðu fjöðrina í Mosó um helgina

Landssöfnun Lionsshreyfingarinnar, Rauða fjöðrin, fer fram dagana 3.-6. apríl. Ágóðinn rennur til styrktar Píeta samtökunum og sjálfsvígsvörnum fyrir unga fólkíð okkar. Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ láta að sjálfsgöðu ekki sitt eftir liggja og mun Lionsklúbbur Mosfellsbæjar standa vaktina á neðstu hæðinni í Kjarna (við Vínbúðina) 3. apríl kl. 13-18, 4. apríl kl. 13-19 og 5. apríl kl. 12-18. Lionsklúbburinn Úa verður í Bónus 3.- 4. apríl kl. 12-20 og 5. apríl kl. 12-16. Verkefnið heitir „Segðu það upphátt“ og er ætlað að opna á umræðuna um sjálfsvígshugsanir og geðheilbrigði hjá ungu fólkí. Í ár mun Lionsshreyfingin selja Rauðu fjöðrina til að fjármagna fræðslu- og forvarnarverkefni Píeta samtakanna sem ýtt verður úr vör í haust. Píeta samtökin eru meðferðar- og forvarnarsamtök gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS



SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR

Bætt þjónusta við eldra fólk • Liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda • Gott að eldast

# Sampætt heimaþjónusta og stórefling dagdvalarþjónustu

Samningar voru undirritaðir í vikunni um sampætta heimaþjónustu við íbúa Mosfellsbæjar, aukna dagdvalarþjónustu með fleiri rýmum og stofnun heima-endurhæfingarteymis fyrir fólk í heimahúsum.

Með samningunum verður rekstur allrar heimaþjónustu á hendi Eirar sem rekur hjúkrunarheimili og dagdvöl í bæjarfélaginu. Dagdvölin stækkar til muna og verður þar rými fyrir 25 einstaklinga í stað níu áður.

Með því að efla og sampætta heima- og dagþjálfunarþjónustu á eina hendi er þess vænst að betur megi sníða hana að einstaklingsbundnum þörfum notanda og bregðast tímanlega við breytingum á aðstæðum þeirra og heilsufari.

### Stórgott að eldast í Mosfellsbæ

Undirritunin fór fram að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ, viðstödd voru Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra; Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra; Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar; Elmar Hallgríms Hallgrímsson, sviðsstjóri samingasviðs Sjúkratrygginga Íslands; Eybjörg Helga Hauksdóttir, forstjóri hjúkrunarheimilisins Eirar og Sigríður Dóra Magnúsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Verkefnið sem talin eru upp hér að neðan eru öll liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda, Gott að eldast. Markmiðið er að finna góðar lausnir sem sampætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin.



GLEÐIDAGUR Á HLAÐHÖMNUM

### Mikilvægur nýjungar

„Við erum gríðarlega ánægð með bæði sampættingu heimaþjónustu og heima-hjúkrunar og fjölgun plássá í dagdvölinni,“ segir Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar og nefnir sérstaklega mikilvægi þess að fá 10 ný dagþjálfunarrými fyrir einstaklinga sem kljást við heilabilun.

„Það skiptir miklu máli fyrir þann hóp að fá þjónustu í Mosfellsbæ þar sem þekking á umhverfinu eykur öryggiskenn.“

„Með því að starfsmenn sampættrar heimaþjónustu heyrir undir dagdvöl gefst mikilvægt tækifæri fyrir stjórnvöld til að prófa nýjar leiðir við að veita þjónustu. Við erum spennt að fylgjast með árangrinum. Dagdvalir eru afar mikilvægar, ekki síst til að draga úr félagslegrri einangrun meðal

eldra fólks, og ríkisstjórnin leggur áherslu á að fleiri eigi kost á dagdvöl. Sampætting heimaþjónustu mun síðan tryggja heildrænni og öruggari þjónustu og skapa ný tækifæri þar sem saman kemur öflugt starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu,“ segir Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra.

„Við vitum hvað það er mikilvægt fyrir fólk að viðhalda sjálfstæði sínu,“ segir Alma D. Möller heilbrigðisráðherra.

„Sampætt heimaþjónusta, stóraukin dagdvalarþjónusta og tilkoma heima-endurhæfingarteymisins tel ég að muni auka til muna raunhæfa möguleika eldra fólks til að búa heima hjá sér við góðar aðstæður og bætt lífsgæði, þrátt fyrir færniskerðing“

### SAMPÆTT HEIMAÞJÓNUSTA

» Eir hefur sinnt heimaþjónustu fyrir hönd Mosfellsbæjar um árabíl en heimaþjónunin verði veitt af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH). Sampætting þjónustunnar byggist því annars vegar á uppfræðum samningi Mosfellsbæjar við Eir sem undirritaður var í dag og hins vegar á undirritun samnings milli HH og Eirar sem mun því annast þjónustuna í heild og reka hana í tengslum við dagþjálfunarþjónustuna. Markmiðið er að bæta yfirsýn yfir þarfir þeirra sem þjónustu þurfa með og bregðast tímanlega við breytingum á aðstæðum þeirra og heilsufari.

### STÆKKUÐ OG STÓREFLD DAGDVÖL

» Dagdvalarrýmum á Eir verður fjölgað úr 9 í 15 og einnig sett á fót 10 dagþjálfunarrými fyrir eldra fólk með skerta getu vegna heilabilunarsjúkdóma. Samningur þessa efnis milli Eirar og Sjúkratrygginga Íslands var einnig undirritaður. Mosfellsbær mun annast akstur fólks í dagdvalarþjónustu og leggur jafnframt til aukid húsnæði fyrir dagdvöl Eirar.

### ENDURHÆFING Í HEIMAHÚSUM

» Heima-endurhæfingarteymi verður komið á fót með stuðningi heilbrigðisráðuneytis en teymið veitir persónuþaða þjónustu sem fram fer á heimili viðkomandi notanda. Þjónustan felur í sér tímabundna þjálfun og ráðgjöf til að auka færni, virkni og bjargráð í athöfnum daglegs lífs sem og samfélagsþátttöku.

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**Sunnudagur 6. apríl**  
Fermingarmessa klukkan 10.30 og 13.30.

**Sunnudagur 13. apríl**  
Fermingarmessa klukkan 10.30 og 13.30.

**Sunnudagur 20. apríl**  
Hátíðamessa klukkan 9.  
Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar.


**Sunnudagur 27. apríl**  
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Guðlaug Helga

Guðlaugsdóttir þjónar, organisti er Aðalheiður Þorsteinsdóttir.

**Foreldramorgnar**  
Alla fimmtudaga klukkan 10 – 12.

**Gaman saman**  
Samvera eldri borgara annan hvern fimmtudag kl. 14 – 16.

**ÓsoM**  
Fundir fyrir krakka 13-15 ára alla þriðjudaga kl. 20 – 21.30 (húsið opnar kl. 19.30).



Hægt er að sjá alla viðburði á heimasíðu kirkjunnar, Instagram og Facebook undir Lágafellskirkja



# WRANGLER VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR

Jeep®

JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE



EKKI BARA FYRIR FJALLAFERÐIR



FYRIR ÚTIVISTAR- OG ÆVINTÝRAFÓLK



NÝIR LITIR - NÝ SENDING AÐ LENDA



FYRIR JÖKLAFERÐIRNAR

## JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE

Jeep® Wrangler Rubicon er sérsniðinn fyrir þá sem vilja nota bílinn jafnt í borgarakstri sem og á torfærum vegslóðum. Wrangler er einstaklega lipur í innanbæjarakstri en jafnframt til í hvaða torfæru sem er. Ekki láta neitt stoppa þig í að komast leiðar þinnar hvort sem þú ert staddur á möl eða malbiki. Hver og einn getur hannað sína útfærslu sem gerir hvern og einn Wrangler einstakan. Breytingaverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum á Jeep® Wrangler.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á  
DRIFRAHFLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

TÖKUM BÍLINN ÞINN  
UPP Í NÝJAN

**EVROPUÁBYRGÐ:** JEEP® BÍLAR INNFLUTTIR AF ÍSBAND UMBODSADILA JEEP® Á ÍSLANDI ERU MED 5 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ OG 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFHLÖDU. JEEP® SEM FLUTTIR ERU INN AF ÖÐRUM FRÁ EVRÓPU ERU MED 2 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ FRÁ FYRSTA SKRÁNINGARDEGI - HVORT SEM HANN ER ERLENDIS EÐA Á ÍSLANDI.

**USA ÁBYRGÐ:** JEEP® BÍLAR SEM ERU FLUTTIR INN AF ÖÐRUM EN ÍSBAND FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI MED NEINA ÁBYRGÐ FRAMLEIDANDA. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNNTAR EIGANDA OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

**ISBAND**

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16





Nafnahugmyndir frá 170 manns bárust • Skírskotun til bókmennta Halldórs Laxness • Framkvæmdum ljúki í lok júní

# NÝI LEIKSKÓLINN Í HELGAFELLS- HVERFI FÆR NAFNIÐ SUMARHÚS

Í haust tekur til starfa nýr leikskóli í Vefarstræti í Helgafellshverfi og hefur hann nú hlotið nafnið Sumarhús. Nafn skólans var valið á fundi fræðslunefndar eftir hugmyndaöflun frá bæjarbúum.

Sumarhús var ein af þeim hugmyndum sem oftast komu fyrir í hugmyndaöfluninni og hefur sérstaka skírskotun til bókmennta Halldórs Laxness, eins virtasta rithöfundar þjóðarinnar og Nóbelsverðlaunahafa í bókmenntum, eins og raunar hverfið allt.

## Tilvísun í Bjart í Sumarhúsum

Segja má að nafnið Sumarhús fangi anda bernskunnar, náttúrunnar og menningarlegrar arfleifðar skáldsins. Það endurspeglar þá ró og gleði sem leikskóli á að standa fyrir og styrkir tengsl leikskólans við íslenska bókmennta- og menningararfleifð. Með tilvísun í Bjart í Sumarhúsum fær nafnið dýpri merkingu sem tengist baráttu, von og þeirri trú að framtíðin byggist á sterkri sjálfsmynd og góðum uppeldisaðstæðum.

Alls bárust hugmyndir að nafni frá um 170 manns og þökkum við bæjarbúum innilega fyrir áhugann og aðstoðina. Þeim aðilum sem stungu upp á þessu nafni verður boðið sérstaklega til veislu þegar leikskólinn Sumarhús verður vígður formlega.

## Verið að ganga frá ráðningu skólustjóra

Vinna við húsið sjálft hefur gengið vel og er á áætlun. Uppsteypu og frágangi á ytra byrði hússins er að mestu lokið og er stefnt að því að framkvæmdum verði lokið í lok júní.

Verið er að ganga frá ráðningu leikskólustjóra sem mun veita Sumarhúsum forstöðu og taka, ásamt starfsfólki, á móti börnum í skólann í haust. Börn og starfsfólk leikskólans Hlaðhamra munu jafnframt fá að njóta Sumarhúsa á meðan verið er að skoða og meta ástandið á húsnæði Hlaðhamra.

Það er ekki á hverjum degi sem opnaður er nýr skóli í sveitarfélaginu en þetta verður glæsileg bygging sem á eftir að halda vel utan um börn og starfsfólk í leik og starfi til framtíðar.

Starfsemin færð í Þverholt • Helmingur barnanna farinn í Krikaskóla • Metið hvort eigi að rífa húsið eða byggja nýtt

# Leikskólanum Hlaðhömrum lokað



Miklar breytingar hafa orðið á aðstæðum barna og starfsfólks á leikskólanum Hlaðhömrum á undanförunum mánuðum.

Árið 2024 fannst raki í eldra húsi Hlaðhamra og úr varð að hluta þess húsnæðis var lokað samkvæmt ströngustu kröfum þar um. Í lok síðasta árs kom síðan upp leki í tengibyggingu milli eldri og yngri hluta leikskólans og á svipuðum tíma sprakk hitaveiturör í vegg í rými sem hafði verið lokað.

Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að loka eldra húsinu alfarið auk þess hluta tengibyggingarinnar sem lak.

Vegna lokunarinnar þurfti að bregða á það ráð að flytja 22 börn af 50, ásamt hluta starfsfólks, yfir í Krikaskóla þar sem vel var tekið á móti þeim. Í kjölfarið var Efla fengin til að gera úttekt á yngri hluta húsnæðis Hlaðhamra og þegar niðurstöður lágu fyrir var ákveðið í samráði við starfsfólk að loka skólanum og flytja starfsemina tímabundið á nýjan stað.

Teikin var ákvörðun í samráði við stjórnendur að leigja þrjú rými í Þverholti nr. 3, 5 og 7. Starfsemi hófst í Þver-

holtinu þann 18. mars sl. og eru bæði börn og starfsfólk í óða önn að setja sig inn í aðstæður á nýjum stað. Sökum nálægðar við Hlaðhamra er hægt að nýta útsvæðið þar áfram en matur er eldaður í Krikaskóla og sendur þaðan í hitakössum í Þverholtinu.

## Sameinast síðar í nýjum leikskóla í Helgafellshverfi

Starfsfólk Hlaðhamra hefur staðið sig einstaklega vel í krefjandi aðstæðum og hafa íbúar í Þverholti einnig lagt sitt af mörkum við að láta þetta allt saman ganga upp. Dvölin í Þverholti mun þó eingöngu standa fram að sumarleyfum en að þeim loknum munu börn og starfsfólk Hlaðhamra sameinast á ný í húsnæði nýja leikskólans í Helgafellshverfi.

Þá hefur bæjarráð samþykkt að fara í heildarendurskoðun á húsnæði leikskólans Hlaðhamra til þess að meta hvort eigi að rífa allt húsið og byggja nýtt eða að hluta. Það helst einnig í hendur við framtíðarsýn um uppbyggingu leikskóla í bænum.

EKKERT SKÓLASTARF  
ER NÚ Á HLAÐHÖMRUM

## Skipulagsmál

# Skipulagslýsing fyrir Efstaland 1

- Til kynningar er verklýsing fyrir aðal- og deiliskipulagsbreytingu á verslunar- og þjónustulóð í Helgafellshverfi að Efstalandi 1. Tillaga felur í sér að heimila uppbyggingu íbúða í bland við verslun.

Hægt er að kynna sér málið á [mos.is](http://mos.is) og rita umsagnir á [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is) til og með 24. apríl 2025.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

AFTURELDINGARVÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - [jakosport@jakosport.is](mailto:jakosport@jakosport.is) - [jakosport.is](http://jakosport.is)





# Spennandi lóðir í suðurhlíðum Helgafells



Mosfellsbær hefur opnað fyrir úthlutun 16 lóða við Úgötu í Helgafellshverfi. Lóðirnar eru fyrir einbýlishús á tveimur hæðum.

Úgata er í suðurhlíðum Helgafells og er eitt glæsilegasta byggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Lóðirnar sitja hátt í landinu og þaðan er mikið útsýni.

Í hverfinu er lögð áhersla á fjölbreytta byggð, góða tengingu við útivistarsvæði og ósnortna náttúru.

**Umsóknarfrestur rennur út kl. 16 þriðjudaginn 22. apríl 2025.**

Allar nánari upplýsingar má finna á [mos.is/lodir](https://www.mos.is/lodir)





## Mosfellsbær semur við Fagurverk

Fulltrúar Mosfellsbæjar og Fagurverks hafa undirritað samning um lagnir og yfirborðsfrágang á Varmárvæði. Fagurverk var lægstbjóðandi í verkið sem er áfangaskipt. Fyrri áfangi felur í sér frágang knattspyrnuvallar m.a. frágang fyllingar, lagningu fráveitu- og vatnslagna, vatnsúðakerfis, snjóbræðslu og ídráttarröra fyrir ljósamöstur ásamt undirbyggingu fyrir gervigras, uppsetningu girðinga, malbikun stíga og þökulagningu nærsvæða við völl. Seinni áfangi felur í sér frágang frjálsíþróttasvæðis m.a. frágang fyllingar, lagningar fráveitu- og snjóbræðslulagna og rafstrengja ásamt landmótun, malbikun, grjóthleðslu og öðrum yfirborðsfrágangi. Verkinu skal að fullu lokið í samræmi við ákvæði útboðsgagna þ.e. fyrri áfanga þann 15. júlí 2025 og seinni áfanga 31. okt 2025. Gert er ráð fyrir að búið verði að leggja gervigras á aðalvöllinn 15. ágúst.

**MOSFELLINGUR  
KEMUR NÆST  
ÚT 1. MAÍ**

mosfellingur@mosfellingur.is



Garðar Smárason þjálfari, Órvar Daði Marinósson forseti félagsins, Andrea Rói og Hildur Helgadóttir frá Reykjadal og formenn UMFUS þeir Ragnar Símonarson og Ingi Björn Kárason.

Héldu vel heppnað kótilettukvöld og gáfu ágóðan • Mokuðu út happdrættismiðum

# UMFUS STYRKIR REYKJADAL

UMFUS (Ungmennafélagið Ungir sveinar) stóð fyrir glæsilegu kótilettukvöldi þann 28. febrúar. Um var að ræða góðgerðarkvöld þar sem allur ágóði rann í gott málefni.

Staðið var fyrir happdrætti, uppboði, skemmtatriðum og almennri gleði um kvöldið. Ágóði kvöldsins varð alls 1.431.500 kr. og var upphæðin afhent Reykjadal í Mosfellsdal á dögunum. Glæsi-

legur styrkur frá flottum félagsskap sem kemur saman að jafnaði tvisvar í viku í íþróttamiðstöðinni Lágafelli og ræktar líkama og sál.

UMFUS vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem styrktu kvöldið með happdrættismiðum og sérstaklega Höfðakaffi sem skaffaði aðstöðu og fleira.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### Opið hús/menningarkvöld

Síðasta Opna húsið/menningarkvöld vetrarins verður í Hlégarði mánudaginn 14. apríl kl. 20. Þar mun Stefán Helgi Íslandi og leynigestur, í forföllum Davíðs, skemmta okkur með söng og gamanmálum við undirleik Helga Más Hannessonar. Kaffinefndin verður með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi er á staðnum). Með kveðju Menningar- og skemmtinefnd FaMos



### Páskafri

Félagsstarfið fer í páskafri og er lokað í Brúarlandi 17.-21. apríl. Opnum aftur 22. apríl kl. 11. Gleðilega páska

### Hittumst í Hlégarði

Hittumst í Hlégarði þriðjudaga kl. 13-15 í apríl sem hér segir: 8., 15. og 29. apríl. Ekki verður þriðjudagshittingur í Hlégarði 22. apríl.

### Er áhugi á bútasami?

Okkur í félagsstarfinu Brúarlandi langar til að stofna hóp fyrir þá sem hafa gaman af því að koma saman og gera bútasam. Ekki er um kennslu að ræða heldur hóp sem myndi hittast einu sinni í viku t.d. á fimmtudögum eða föstudögum í Brúarlandi og sauma saman. Ef þú hefur áhuga þá söfnum við í hóp, nánari fyrirspurnir og skráning er í síma 586-8014 eða á felagsstarf@mos.is.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.

**FÉLAG ALDRAÐRA** í Mosfellsbæ og nágrenni  
famos@famos.is  
www.famos.is

### STJÓRN FAMOS

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** formaður  
hanna@smart.is

**Hrund Hjaltadóttir** varaformaður  
hrundhj@simnet.is

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri  
thorsteinn.birgisson@gmail.com

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi  
polarafi@gmail.com

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari  
gunnasjana@simnet.is

**Ingebjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður  
igg@simnet.is

**Sólrun Ósk Gestsdóttir** varamaður  
mittlevel10@gmail.com





30. APRÍL

# DANSIBALL I HLEGARÐI

BALLHLJÓMSVEITIN BLEK OG BYTTUR



HAPPY  
HOUR  
20-21

Forsala aðgöngumiða frá 14. apríl á Mosótorgi (4.500 kr.) - Aldurstakmark: 40 ár, eða í fylgd með fullorðnum

Allur ágóði rennur til Lionsklúbbsins Úu og góðra málefna í sveitarfélaginu - Húsið opnar kl. 20 með Happy Hour á barnum





Fjöldi gesta í Varmadal á líflegum jeppadegi • Um 300 gestir í heimsókn í Varmadal

# JEPPAMENNING Í MARS

Í Mosfellsbæ hefur alltaf verið lífleg jeppamenning og laugardaginn 15. mars hittist jeppafólk í skemmumni í Varmadal. Um 300 gestir komu í heimsókn þann dag og fór yfir söguna. Sögufrægir jeppar voru til sýnis í bland við glænýja. Gömul myndaalbúm voru skoðuð og farið var í prufuakstur um sveitina.



STEINI OG STRUMPURINN



FLOTTIR GESTGJAFAR Í VARMADAL



KYNDILL MEÐ NÝJAN BUGGY BÍL



ÞÓRIR VIÐ RÚSSAJEPPANN



**D**

**PÁSKAEGGJALEIT**  
Í ÆVINTÝRAGARÐINUM

**SUNNUDAGINN**  
**6. APRÍL KL. 11:00**  
**ALLIR VELKOMNIR**

Sjálfstæðisfélag  
Mosfellinga





# Viltu hafa áhrif á nýja umhverfis- og loftslagsstefnu Mosfellsbæjar?



**Mosfellsbær leitar til ykkar, íbúa Mosfellsbæjar, eftir innleggi í stefnuna en markmiðið er að fá fram áherslur ykkar í þessum mikilvæga málaflokki.**

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar vinnur að gerð nýrrar umhverfis- og loftlagsstefnu. Í stefnunni eru settar fram áherslur í umhverfis- og loftlagsmálum til ársins 2035.

Þegar hafa komið mikilvæg innlegg frá vinnustofum sem haldnar voru bæði í grunnskólum og framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Könnunin er framkvæmd á vegum Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar um íbúakönnunina má finna á [www.mos.is/ibuakonnun](http://www.mos.is/ibuakonnun)





KJARNAFÓLKID  
GUDJÓN OG ÓLAFÍA



ÞJÓNUSTUSTÖÐIN FÉKK BIKAR FYRIR  
BESTA ÁRSHÁTÍÐARMYNDABANDIÐ



KRISTJÁN ÞÓR MANNAUÐS-  
STJÓRI OG GUÐRÚN ÞÍÐ



FRÆNDSYSTKININ  
ÖRNÓLFUR OG ÓSK



MARGRÉT, LENA OG ALDÍÐ

Svipmyndir frá árshátíð starfsmanna Mos sem fram fór í íþróttahúsinu að Varmá • Yfir 800 manns skemmtu sér vel

# FJÖR Á ÁRSHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR



ÁRSHÁTÍÐARNEFNDIN ÁSAMT REGINU BÆJARSTJÓRA



SVEINBJÖRG OG BIRNA



STARFSFÓLK BÆJARINS Í STUÐI

Myndir/Hilmar



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



FUNDAD Í FRAM-  
HALDSSKÓLANUM

## Kristrún Frostadóttir með opinn fund í Mosfellsbæ Forsætisráðherra fundaði með Mosfellingum

Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra, hélt opinn fund í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ þriðjudaginn 25. mars.

Þar voru einnig þingmenn Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi, Þórunn Sveinbjarnardóttir forseti Alþingis og Guðmundur Ari

Sigurjónsson þingflokksformaður.

Rædd voru ýmis mál liðandi stundar og sköpuðust líflegar umræður.

Fundurinn var vel sóttur og fékk fólk tækifæri til að ræða sín hjartans mál milli-liðalaust.





# Flokkun heimilissorps



Það er á höndum íbúa að flokka úrgang við heimili sín. Heimilissorp er flokkað í fjóra flokka; pappír/pappa, plastumbúðir, matarleifar og blandaðan úrgang.

Mosfellsbær hvetur íbúa til að huga enn betur að flokkun sem fer í blandaðan úrgang. Sérmerktir gáma eru við grenndarstöðvar og á endurvinnslustöð Sorpu fyrir úrgang eins og málma, gler, textíl, pappír/pappa og plastumbúðir.

Endurvinnslustöð Sorpu er staðsett við Blíðubakka og er opið frá kl. 12:00 - 18:30 alla daga vikunnar.

Grenndarstöðvar eru opnar allan sólarhringinn og eru staðsettar á eftirfarandi stöðum:

- Bogatanga
- Dælustöðvarveg
- Vogatungu

Allar nánari upplýsingar má finna á:  
[www.sorpa.is](http://www.sorpa.is)



JÓNAS ÞÓRIR, DIDDÚ  
OG BOGI RÓNI



## Fóru á kostum í Hlégarði

Jónas Þórir, Diddú og Örn Árnason skemmtu í Hlégarði 23. mars undir yfirskriftinni Menning í mars. Dagskrána nefndu þau Léttrir sprettir enda var af ýmsu að taka.



Sorpa og samtök sveitarfélaga verðlaunuð

## Árangursrík innleiðing úrgangsflokkunarkerfis

Á dögunum veitti Verkfræðifélag Íslands sín árlegu verðlaun Teninginn, en það eru verðlaun sem veitt eru fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd að mati dómnefndar.

Í ár var Sorpa og samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verðlaunuð fyrir innleiðingu samræmðs flokkunarkerfis fyrir heimili.

Mosfellsbær innleiddi umræddar breytingar í júní 2023 til samræmis við lög um hringrásarhagkerfið með því að taka skrefið í fjórflokkun úrgangs við öll heimili. Við það tækifæri voru nýjar tunnur afhentar íbúum, pappírspokar fyrir lífrænan úrgang ásamt plastkörfum.

### Hugarfarsbreyting orðið hjá íbúum

Íbúar Mosfellsbæjar tóku breytingunum vel og hafa staðið mjög framarlega í sam-  
anburði við önnur sveitarfélög. Með sér-

söfnun á matarleifum var stigið stórt skref í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Mælingar á magni matarleifa í blönduðum úrgangi og hreinleiki matarleifa sýna að algjör hugarfarsbreyting hefur orðið hjá íbúum. Árangur verkefnisins fór fram úr bæði markmiðum og björtustu vonum hvort sem litið er til hugarfarsbreytingar, breyttrar hegðunar eða jákvæðra áhrifa á bæði heildarmagn úrgagns frá heimilum, magni flokkaðs úrgagns, endurvinnsluhlutfalls, hreinleika eða skilvirkni flokkunar.

Góðan árangur verkefnisins má ekki síst þakka stýrihópi sem undirbjó verkefnið og var skipaður tæknimenntuðu fólki sem starfar hjá sveitarfélögunum og Sorpu bs.

Á meðfylgjandi mynd eru fulltrúar verkefnisins að taka á móti viðurkenningunni. Fulltrúi Mosfellsbæjar Katrín Dóra Þorsteinsdóttir er lengst til hægri á myndinni.

## Deli – Evrópskur smekkur fyrir þig. Vertu velkomin!



**deli**



Þverholt 2 (KJARNI), Mosfellsbær, Iceland



Fimmtudagurinn 24.apríl

# Sumardagurinn fyrsti í Mosfellsbæ

- 13:00** Mosverjar leiða skróðgöngu frá Miðbæjartorginu að Varmá.
- 13:30** Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar fyrir gesti og gangandi.
- 13:30-16:00** Kassaklifur, hoppukastalar, pylsur, vöflur og fleira að Varmá.



 Ípróttamiðstöðin að Varmá





# PÁSKAR

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur í dymbilviku fyrir páska:

## HÉRABÓKAMERKI - ALLA VIKUNA

Í barnadeild er mögulegt að föndra sér glæsilegt bókamerki fyrir páskalesturinn.

## MÖRGÆSALEIT - HEFST 15. APRÍL KL. 12

Viltu spreyta sig á skemmtilegri mörgæsaþraut? Fyrir rétt svar fá þátttakendur mörgæsarsúkkulaðiegg á meðan birgðir endast.



## HUNDAR SEM HLUSTA

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

LAUGARDAGINN 26. APRÍL 2025

Bókasafnið býður börnum að koma í safnið og lesa sér til ánægju fyrir sérþjálfaða hunda. Tveir hundar verða á staðnum og komast sex börn að.

Vinsamlegast athugið að panta þarf tíma. Skráning fer fram á sumarfrístundarvef Völu: [sumar.vala.is](http://sumar.vala.is)


Gott er að barnið hafi valið sér texta að lesa áður en lestarstundin hefst.



# Sögunstund

Í Bókasafni Mosfellsbæjar 

Miðvikudaginn 9. apríl kl. 16:45



Í sögunstund aprílmánaðar lesum við saman bókina Þín eigin saga: Piparkökuhúsið eftir Ævar Þór Benediktsson og skoðum myndskreytingar Evana Kisa.

Þín eigin saga: Piparkökuhúsið fjallar um girnilegt hús úr piparkökum og sælgæti, glaðlegan piparkökukarl, grimma norn, innilokaða fanga – og ÞIG. Því þú ræður hvað gerist!

Bókin er ein af mörgum bókum Ævars þar sem lesandinn ræður ferðinni. Við hjálpumst því að við að finna farsælan endi á þessa skemmtilegu og spennandi sögu.

## Öll velkomin!



Listasalur Mosfellsbæjar

# OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Listasalur Mosfellsbæjar hefur opnað fyrir umsóknir fyrir sýningarárið 2026. Sótt er um rafrænt á íbúagátt Mosfellsbæjar undir umsóknir.

Umsóknarfrestur er til og með **6. apríl 2025**


Sækja um [hér](#)



# VERÐSKRÁIN FYRIR 2025 ER LENT

ÞETTA ERU VÉLARNAR SEM VERÐA Á LAGER Í SUMAR

## HT10



Væntanleg eintök í janúar/febrúar  
**Þyngd:** 1.000 kg  
**Vél:** Eins cylendra Koop loftkældur  
**Afl:** 7,6 kw/3.600 rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40 cm tennt skófla  
**Verð:** 1.590.000.- án vsk

## HT16



Væntanleg eintök í apríl  
**Þyngd:** 1.600 kg  
**Vél:** Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara  
**Afl:** 16,5 kw/3.600 rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40 cm tennt skófla og glussastýrður þumall  
**Verð:** 1.990.000.- án vsk

## HT20



Væntanleg eintök í apríl  
**Þyngd:** 2.000 kg  
**Vél:** Kubota D902  
**Afl:** 20,4 hp/3.600 rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40 cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi  
**Verð:** 2.690.000.- án vsk

**YFIR 50 TÆKI SELD  
Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**



Verðum með allar stærðir af skóflum á lager ásamt öðrum aukahlutum.

Fyrir sérpantaniir hafið samband við sölumann: arnar@ljardalur.is

**FORPANTANIR KOMNAR Í HÚS**  
FULLUR LAGER – AUKAHLUTIR Á FRÁBÆRUM KJÖRUM



**LJÁRDALUR**  
WWW.LJARDALUR.IS





Gamlir félagar koma reglulega saman • Mikill áhugi

# Lúðrasveit Mosfellsbæjar stofnuð

Þann 2. mars var Lúðrasveit Mosfellsbæjar formlega stofnuð.

Aðdragandann má rekja til þess þegar gamlir félagar úr Skólahljómsveit Mosfellsbæjar komu reglulega saman á æfingum vorið 2024 til þess að undirbúa tónleika á 60 ára afmæli Skólahljómsveitarinnar.

Mörg þeirra höfðu lítið sem ekkert snert hljóðfæri svo árum skipti, en gleðin við að spila saman í hljómsveit rifjaðist upp og ákveðið var í kjölfar afmælistónleikanna að halda áfram reglulegum æfingum haustið 2025, og fékk hljómsveitin æfingaraðstöðu hjá Skólahljómsveitinni í Varmárskóla. Eftir nokkurra mánaða æfingar ásamt einum tónleikum var ákveðið að tími væri kominn á að stofna formlega Lúðrasveit Mosfellsbæjar.

## Bætist jafnt og þétt í hópinn

Eins og áður sagði er það áratugalöng starfsemi Skólahljómsveitarinnar sem bindur félagsskapinn upphaflega saman en aðgangur að félagsskapnum er þó ekki bundinn við það og eru nú þegar nokkrir félagar sem eiga bakgrunn í öðrum lúðrasveitum eða hafa byrjað tónlistarnám sitt seinna á lífsleiðinni.

Mikill metnaður er til að standa vel að starfinu, með fjölbreyttu og skemmtilegu lagavali og með reglulegu tónleikahaldi. Félagar eru í kringum 25 talsins og er jafnt og þétt að bætast í hópinn. Mikill áhugi er innan félagsins á að taka reglulega þátt í tónlistarflutningi og hafa með því bæði tilgang og markmið með starfsemi félagsins.

## Tónleikar í Hlégarði 15. maí

Nú er starfið komið í fullan gang og tók Lúðrasveit Mosfellsbæjar þátt í Menning í mars hér í Mosfellsbæ með opinni æfingu þann 23. mars. Þann 15. maí verða síðan haldnir tónleikar ásamt Varmárkórnum í Hlégarði.

Áhugasamir hljóðfæraleikarar eru hvattir til þess að mæta á æfingu, jafnvel þótt einhver tími sé liðinn síðan spilað var á hljóðfæri síðast. Gömul þekking rifjast fljótt upp þegar hljóðfærið er komið í hendurnar. Mosfellsbær er heilsuefandi samfélag og fátt eflir eins andann og góð tónlist og enn betri félagsskapur.

Baldur Rafnsson er stjórnandi Lúðrasveitarinnar og stjórn félagsins mynda Hlín Ólafsdóttir, Ragnar Árni Sigurðsson og Lóa Björk Óskarsdóttir ásamt varamönnum.



Stjórnandi og stjórn Lúðrasveitar Mosfellsbæjar. Baldur Rafnsson, Hlín Ólafsdóttir, Lóa Björk Óskarsdóttir og Ragnar Árni Sigurðsson. Eins má nefna að Birgir D. Sveinsson fyrrum stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar hefur ósjaldan mætt á æfingar og er helsti stuðningsmaður verkefnisins.

## Næsta blað kemur út: FIMMTUDAGINN 1. MAÍ

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 29. apríl.

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



## Velkomin í Hlýjuna

Hlýjan er ný og stærri dagþjálfun á vegum Eirar að Hlaðhömrum 2.

Kynning á starfseminni á opnu húsi 11. apríl milli kl. 13-15. Öll velkomin.

Mosfellsbær



## ÖLL ALMENN JARÐVINNA

- Hellulagnir •
- Þökulagnir •
- Vélarvinna •
- Malbik- og steinsögun •
- Snjóbræðslulagnir •
- Grjót/steinhleðslur •
- Drenlagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,  
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



781 7777

[husrad@husradverktakar.is](mailto:husrad@husradverktakar.is)

## Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)


525 6700





# BESTA FUGMYND DAGSINS

DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ





# Unnið að nýrri umhverfis- og loftlagsstefnu

Mosfellsbær vinnur að uppfærðri og metnaðarfullri umhverfis- og loftlagsstefnu sem á að nýtast sem leiðarljós fyrir ákvarðanatöku og aðgerðir til framtíðar.

## Framtíðarsýn í umhverfis- og loftlagsmálum

Hvers vegna er þessi vinna svona mikilvæg – og hvers vegna skiptir þátttaka íbúa, barna og ungmenna svona miklu máli?

„Markmiðið er skýrt – að hafa nútímalega framtíðarstefnu í umhverfis- og loftlagsmálum sem nýtist bæði til ákvarðanatöku og sem verkfæri í fræðslu og aðgerðum. Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í að styðja við lífsstíl íbúa og sjálfbæra þróun, því er mikilvægt að stefnan sem við vinnum með endurspeglar bæði nýjustu þekkingu og framtíðarþarfir,“ segir Örvar Jóhannsson formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar.



Örvar Jóhannsson formaður umhverfisnefndar



um að sveitarfélög setji sér loftlagsstefnu. Við ákváðum því að sameina kraftana – að uppfæra umhverfisstefnuna og vinna að nýrri loftlagsstefnu samtímis, svo útkoman verði ein heildstæð stefna sem tekur á báðum þáttum.“

## Íbúalýðræði í verki

Samráð við íbúa og aðkoma þeirra að stefnunni skiptir miklu máli í þessari vinnu. Á fyrstu stigum vinnunnar voru haldnar vinnustofur með ungu fólki í grunn- og framhaldsskólum. Nú hefur íbúakönnun verið opnuð og áhersla er

lögð á að sem flestir íbúar taki þátt í henni.

Í þessu samhengi segir Örvar: „Við viljum heyra frá fólkinu í bænum – hvað finnst þeim mikilvægast? Hvernig sjá þau framtíð bæjarins fyrir sér? Í könnuninni geta íbúar forgangsraðað atriðum sem þegar hafa verið sett fram í stefnunni og komið með nýjar hugmyndir eða athugasemdir.“

## Mikilvægt að börn og ungmenni fái rödd

Það kemur ekki á óvart að hluti af þessari framtíðarsýn er að fá börn og ungmenni til að taka þátt í vinnunni. Þau eru nefnilega framtíðin sem stefnan snýst um.

Örvar segir enn fremur: „Við viljum að þau finni að rödd þeirra skiptir máli, að á þau sé hlustað og því vildum við bjóða þeim að vera með frá upphafi.“

## Metnaður og raunhæfni – í sátt við samfélagið

Að lokum segir Örvar að lykillinn að góðri stefnu sé jafnvægi. „Við viljum setja okkur háleit markmið – en þau þurfa að vera raunhæf og byggja á samtali við samfélagið. Með góðu samráði er líklegra að sem flest séu tilbúin að leggja sitt af mörkum.“

## ÞÍN RÖDD – ÞITT SAMFÉLAG


➤ Mosfellsbær hvetur alla bæjarbúa – unga sem aldna – til að taka þátt í mótun stefnunnar. Því aðeins með samvinnu getum við skapað betri, grænari og sjálfbærari framtíð fyrir okkur öll. **Könnunina má finna inn á [mos.is/ibuakonnun](https://mos.is/ibuakonnun)**

## Af hverju er verið að uppfæra stefnuna?

Að sögn Örvars er ástæðan tvíþætt. Annars vegar liggur mikil og vönduð vinna að baki núgildandi stefnu Mosfellsbæjar frá árinu 2019 – en þar sem umhverfismál eru lifandi og sfbreytilegur málaflokkur, er nauðsynlegt að halda slíkri stefnu lifandi með reglulegri endurskoðun.

„Við þurfum alltaf að vera vakandi – hvort sem það eru nýjar áskoranir, tæknilausnir eða breytingar á lögum. Þetta er stöðug þróun. Hins vegar kveða lög um loftlagsmál á

## Sorphirða frá heimilum, hlutfall flokka 2024



## Borið saman við höfuðborgarsvæðið

# Mosfellingar bestir í flokkun á heimilissorpi

Þegar rýnt er í tölur um sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu má sjá að íbúar í Mosfellsbæ skilja eftir minna sorp m.v. íbúafjölda en íbúar annarra sveitarfélaga.

Árið 2024 var blandaður úrgangur á hvern íbúa í Mosfellsbæ 72,8 kg. Seltjarnarnes kom næst með 80 kg. á hvern íbúa, svo Hafnarfjörður með 80,2 kg., Reykjavík með 81,7 kg., Garðabær með 83 kg. og að lokum Kópavogur með 84,6 kg. á hvern íbúa.

## Jákvæð þróun sorphirðu í Mosfellsbæ

Íbúar Mosfellsbæjar hafa sýnt aukna ábyrgð í flokkun á heimilissorpi en mælingar sýna jákvæða þróun í sorphirðu sem endurspeglar bæði umbætur bæjarins í þjónustu en ekki síður vitundarvakningu og aukna umhverfisvitund íbúa. Hér má sjá hvernig hlutfall flokka á heimilissorpi skiptist árið 2024.

Með tilkomu grenndargáma í bænum hefur aðgengi íbúa að flokkunarstöðvum aukist en þar er opið allan sólarhringinn. Grenndargáma er nú að finna á Bogatanga, við Dælustöðvarveg og Vogatungu. Í sumar er stefnt að því að bæta við tveimur nýjum grenndarstöðvum í bænum.

Gögn vegna sorphirðu frá heimilum í Mosfellsbæ sýna hvað íbúar hafa tekið vel í flokkun heimilissorps. Blandaður úrgangur hefur minnkað úr 1417 tonnnum í 999 á milli árunna 2023 og 2024. Á meðan hefur sorphirða aukist með matarleifar, pappa og plast.



**Páska Brunch Bingo**

**20.APRÍL KL 13:00**

**HLAÐIÐ PÁSKA BRUNCH HLAÐBORÐ**

**4.990KR Á MANN OG FYLGIR 1 SPJALD**

Bókaðu á [www.blikbistro.is](http://www.blikbistro.is)



# Glæsilegar nýbyggingar

Fjölbreytt úrval íbúða

**Betri Stofan**  
Fasteignasala

[betristofan.is](http://betristofan.is)

## Bjarkarholt 17-19

Nýjar 3ja herbergja íbúðir

Vel skipulagðar, fullbúnar íbúðir í hjarta Mosfellsbæjar

Verð frá 71,9 m.

**OPÍÐ HÚS**

laugardaginn 5. apríl

kl. 13:00 - 13:30

Jason s. 775-1515



Hafið samband, bókið skoðun hjá sölumönnum, sýnum daglega. Fagmennska í fyrirrúmi.

Dórir Skarphéðinsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 844-9591  
thorir@betristofan.is

Guðbjörg Guðmundsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 899-5533  
gudbjorg@betristofan.is

Páll Þórólfsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 844-9591  
pall@betristofan.is

Gunnar S Jónsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 899-5856  
gunnar@betristofan.is

Jason Kr. Ólafsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 775-1515  
jason@betristofan.is

Atli S. Sigvarðsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 899-1178  
atli@betristofan.is

Telma R. Frimansdóttir  
Aðstoðarmaður fasteignasala  
Sími: 772-3555  
telma@betristofan.is

Hlynur Bjarnason  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 697-9215  
hlynur@betristofan.is

Dagrún Davíðsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 866-1763  
dagrun@betristofan.is

Þórhallur Blering  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 896-8232  
thorhallur@betristofan.is



Velkomin á Betri Stofuna fasteignasölu | Borgartún 30 | 105 Reykjavík | [betristofan@betristofan.is](mailto:betristofan@betristofan.is) | Sími: 519-0100 | [betristofan.is](http://betristofan.is)

# Páskaopnun sundlauga



## LÁGAFELLSLAUG

● 17. apríl	Skírdagur	09:00 - 19:00
● 18. apríl	Föstudagurinn langi	09:00 - 19:00
● 19. apríl	Laugardagur	09:00 - 19:00
● 20. apríl	Páskadagur	09:00 - 19:00
● 21. apríl	Annar í páskum	09:00 - 19:00
● 24. apríl	Sumardagurinn fyrsti	09:00 - 19:00
● 1. maí	Fimmtudagur	09:00 - 19:00

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

## VARMÁRLAUG

● 17. apríl	Skírdagur	09:00 - 17:00
● 18. apríl	Föstudagur langi	Lokað
● 19. apríl	Laugardagur	09:00 - 17:00
● 20. apríl	Páskadagur	Lokað
● 21. apríl	Annar í páskum	09:00 - 17:00
● 24. apríl	Sumardagurinn fyrsti	09:00 - 17:00
● 1. maí	Fimmtudagur	Lokað





# Gatna- og stígahreinsun í Mosfellsbæ



Nú stendur til að þvo og sópa gangstéttar og götur bæjarins. Til að það verði sem best gert þurfum við á ykkar aðstoð að halda.

Bæjarbúar eru vinsamlegast beðnir að leggja ekki ökutækjum eða öðrum farartækjum á götunum eða gangstéttum meðan á hreinsun stendur.

Ennfremur eru bæjarbúar hvattir til að hreinsa í kringum hífylli sín og fá aðstoð starfsmanna þjónustumiðstöðvar í síma 525 6700 til að fjarlægja bílhræ og stærri hluti.

Eftirtalda daga verða gatnahreinsunarmenn að störfum í hverfunum. Þá verða gangstéttir og götur þvegnar og sópaðar:

- 22. apríl - Reykja- og Krikahverfi
- 23. og 25. apríl - Teiga- og Helgafellshverfi
- 28. apríl - Holtahverfi
- 29. apríl - Tangahverfi
- 30. apríl - Hlíða- og Hlíðartúnshverfi
- 2. maí - Höfðahverfi
- 5. maí - Leirvogstunguhverfi

GLEÐILEGT SUMAR!

Þjónustustöð Mosfellsbæjar

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)



Stærsta fjáröflun meistaraflokks karla í knattspyrnu

## Glæsilegt herra- kvöld Aftureldingar

Árlegt Herrakvöld Aftureldingar fór fram í íþróttahúsinu að Varmá laugardagskvöldið 15. mars.

Skemmtiatriði voru á heimsmælikvarða en mosfellska hljómsveitin KALEO steig þar á stökk með Jökul Júlíusson fremstan í farabroddi. KALEO er stærsti styrktaraðili meistaraflokks karla í fótboltanum.

Þá komu fram listamennirnir Mugison og Júníus Meyvant. Glæsilegt steikarhlaðborð var á boðstólnum frá Geira í Kjötbúðinni. Hapdrættismiðar kvöldsins seldust upp og Hilmar Gunnars seldi fyrir fleiri milljónir í glæsilegu uppboði.

Steindi Jr. lokaði kvöldinu með sinni alkunnu snílld.



Myndir/RaggiÓla





# Leitum að leiðtoga umhverfis og veitna



Við leitum að lausnarmiðuðum leiðtoga til að stýra umhverfismálum og veitustarfsemi Mosfellsbæjar.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi ríka þjónustulund og farsæla reynslu af því að leiða starfsfólk og stýra verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2025.

Mosfellsbær

[www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)



## Páskaeggjaleit

Framsóknarfélags

Mosfellsbæjar

Sunnudaginn 13. apríl

Nú er vorið komið og tími til að koma út að leika. Framsókn í Mosfellsbæ býður ykkur í páskaeggjaleit á Hlégarðstúni.

- Mæting klukkan 11:00 **neðst á Hlégarðstúni.**
- Upphitun með tónlist.
- Páskaeggjaleit.
- Boðið upp djús og heitt kaffi.

Hefjum páskana á fjölskyldustund með páskaeggjum og fjöri.



# PRJÓNAKVÖLD

BJARKARHOLT 2 HÁHOLT HÚSIÐ

## ÍKVÖLD

### FIMMTUDAG 3. APRÍL

### KL. 19:30

### ÖLL VELKOMIN



Sigurbjörg





# LIONSKLÚBBUR MO

## STUTT SÖGUÁGRIP

### Upphafið

Stofnfundur Lionsklúbbs Kjalarnesþings var haldinn 18. mars 1965. Stofnfélagar voru 21. Móðurklúbburinn var Lkl. Ægir í Reykjavík.

Fyrstu stjórn klúbbsins skipuðu þeir Jón M. Sigurðsson (Jón í Kaupfélaginu) formaður, Tómas Sturlaugsson (kennari) ritari og Guðmundur Magnússon (í Leirvogstungu) gjaldkeri.

Eins og fyrr segir hlaut klúbburinn nafnið Lionsklúbbur Kjalarnesþings. Síðar meir var mikið rætt um nafn klúbbsins og voru ýmsar tillögur á lofti. Það er þó ekki fyrr en veturinn 1988 - 1989 að ákveðið var að breyta nafni klúbbsins og nefna hann eftir heimabyggðinni. Fyrir lok þess starfsárs var nafnið Lionsklúbbur Mosfellsbæjar samþykkt af alþjóðastjórn Lions og ber klúbburinn það nafn síðan.

### Fjárafánir

Strax í upphafi varð blómasala á konudaginn og um páskana aðalfjáröflunarleið klúbbsins. Blómin voru í fyrstu keypt í heilidsölu af ylræktarbónda en fljótlega hófu klúbbfélagar innflutning laukanna, niðurstetningu þeirra og ræktun sjálfir í gróðurhúsi hjá klúbbfélagi, Jóel Kr. Jóelsyni garðyrkjubónda í Reykjahlíð í Mosfellsdal.

Á tímabili voru umsvifin það mikil að klúbburinn seldi öðrum Lionsklúbbum vítt og breitt um landið blóm í heilidsölu. Það var skemmtilegt að eiga samverustundir við blómaræktina og yfirleitt var Lionsfélögunum vel tekið þegar þeir gengu í hús og buðu falleg blóm. Allt tekur þó breytingum og í apríl 1997 var ákveðið að hætta þessari fjáröflunarleið enda var þá nýbúið að setja á stofn blómaþúð í bæjarfélaginu og gróðurhúsið í Reykjahlíð orðið lélegt.

Fleiri fjáröflunarleiðir hafa verið stundaðar. Á bernskudögum klúbbsins voru seldar ljósaperur, sælgæti, harðfiskur o.fl. Nokkrum sinnum var farið í hreinsunaráttak (plokkað) meðfram Vesturlandsveginum. Í mörg ár voru seld sælgætisjóladaðatöl sem fluttu voru inn af Lkl. Frey í Reykjavík og margt fleira mætti nefna.

Á nokkurra ára tímabili náðist samstarf við Sambíóin þar sem klúbburinn fékk forsyningarrétt á einni kvikmynd á ári. Öll innkoma af miðasölu rann óskipt til líknarmála. Segja má að það sé dálítið sérstakt að fara í bíó og hitta þar fyrir 400 Mosfellinga.

Vorið 2005 gerðist klúbburinn undirverktaki við girðingarvinnu á Reykjanesi og lögðu klúbbfélagar fram fjölda vinnustunda við það verkefni. Þá ber einnig að nefna vinnuframlag klúbbféлага við kirkjugarðana að Lágafelli og Mosfelli. Þar hefur klúbburinn nokkrum sinnum tekið að sér margvísleg feegrar- og ræktunarverkefni, girðingarvinnu, þökulagningu og fleira og fengið greitt fyrir.



VASKIR LIONSFÉLAGAR VIÐ BLÓMARÆKTUNINA Í REYKJAHLÍÐ

Síðustu árin hefur klúbburinn aðallega aflað fjár með því að halda veglegt herrakvöld í Hlégarði þar sem boðið er uppá stórglæsilegt fiskréttahlaðborð. Herrakvöldið er orðið fastur liður í starfsemi klúbbsins, venjulega haldið í febrúar ár hvert. Auk fiskréttaveislunnar sem Vignir Kristjánsson, fyrrverandi félagi í Lionsklúbbum, sá um í mörg ár meðan hann rak veitingaþjónustu í Hlégarði, er á herrakvöldinu boðið uppá margvísleg skemmtiatriði.

Ýmsir valinkunnir ræðumenn eða uppstandarar/veislustjórar hafa farið á kostum og slegið á létta strengi og söngurinn hefur ómað af vörum veislugesta. Hoppdrætti með mörgum eigulegum vinningum er einnig fastur liður á þessari kvöldskemmtun og einnig veglegt málverkauppboð. Þetta hefur gefið klúbbum góðar tekjur til góðgerðarmála.

### Verkefnin

Rétt er að byrja á að segja frá því sem við köllum stóra verkefnið okkar, enda er það líklega stærsta verkefni sem nokkur klúbbur hér á landi og þó víðar væri leitað hefur ráðist í og lokið. Reyndar hafa fleiri en einn af þeim alþjóðaforsetum hreyfingarinnar sem skoðað hafa verkefnið sagt að þetta væri stærsta verkefni sem nokkur Lionsklúbbur í heiminum hefði klárað á eigin spýtur.

Um er að ræða byggingu Dvalarheimilis



Gleðistund við afhendingu húss eldri borgara, Gunnlaugur Briem formaður Lionsklúbbsins og Salome Porkelsdóttir oddviti Mosfellsþrepps.



ARNALDUR ÞÓR FORMAÐUR LIONSKLÚBBINS TEKUR FYRSTU SKÓFLUSTUNGUNA

aldraðra að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ, fyrsta áfanga. Peningasöfnun til verkefnisins hófst upp úr 1970 og fyrsta skóflustungan var tekin 26. nóvember 1976. Með sérstakri undanþágu skattstjóra voru öll framlög til byggingarinnar frádráttarbær frá skatti og auðveldaði það mjög fjáröflunina bæði meðal einstaklinga og fyrirtækja. Stofnað var m.a. til sérstaks happdrættis til að afla fjár.

Bygging hússins reyndi að sjálfsögðu mjög á þolrif félaganna og þær voru ófáar vinnustundirnar sem fóru í byggingarvinnu á kvöldin og um helgar. Þetta var samt gaman og menn gengu fúsir til verka. Verkinu tókst að ljúka farsælega og þann 12. júlí 1980 var húsið afhent Mosfellsþreppi fullbúið. Í húsinu voru tvær hjónabúðir og fjórar einstaklingsbúðir ásamt samveruherbergi, geymslum og fleiru. Árið eftir unnu klúbbfélagar svo við standsetningu lóðarinnar umhverfis húsið.

Annað stórt afrek klúbbsins var þátttaka í alþjóðlegu sjónverndaráttaki Lionshreyfingarinnar, Campaign Sight First II, starfsárin 2005-2008. Fyrir framlag klúbbsins mátti bjarga allt að 8.800 einstaklingum frá blindu.

Af öðrum verkefnum má t.d. nefna styrki til Ungmennafélagsins Aftureldingar, Björgunarsveitarinnar Kyndils og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Einnig styrki til tækjakaupa á Skálatúnshöllum, Reykjadal, íbúðum eldri borgara að Eirhömrum og Endurhæfingastofnunarinnar að Reykjalandi. Undanfarin ár hefur klúbburinn einnig veitt framlag til hjálparsjóds kirkjunnar fyrir jólin.

### Þinghald

Árið 1969 tók klúbburinn að sér, með mjög stuttum fyrirvara, að halda umdæmisþing. Þingið fór fram í Hlégarði og þótti mörgum sem hinum unga klúbbi tækist vel upp. Árið 1992 stóð klúbburinn svo fyrir fjölumdæmisþingi sem fór að mestu fram í Varmárskóla og í íþróttarhúsinu að Varmá.

Undirbúningur þingsins og framkvæmd undir stjórn þáverandi formanns Björns Ástmundssonar, var mikið verk en skemmtilegt og þjappaði félögunum vel saman og styrkti félagsandann. Sú jákvæða reynsla varð til þess að klúbburinn



hélt fjölumdæmisþing enn á ný árið 2000. Í þriðja skiptið árið 2010 og þá í samvinnu við Lkl. Úu í Mosfellsbæ og í fjórða skiptið vorið 2016 einnig í samstarfi við Lkl. Úu. Þinghaldið þessi ár fór fram í Lágafellsskóla og nærliggjandi íþróttahúsi. Magnús Sigsteinsson félagi í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar var formaður þingnefndar bæði skiptin.

Okkur er bæði ljúft og skylt að geta þess að bæjaryfirvöld studdu klúbbinn/klúbba dyggilega við þessi verkefni með útveg- un aðstöðu í skólum og íþróttahúsum.

### Félagsstarfið

Það er fleira en fjáraflanir og styrkveitingar sem fylgir því að vera félagi í Lionsklúbbi



HÚSIÐ FYRIR ELÐRI BORGARA LANGT KOMIÐ



# OSFELLSBÆJAR 60 ÁRA



SVIPMYNDIR FRÁ  
HERRAKVÖLDUM  
SÍÐARI ÁRA



Myndir/Hilmar

Mosfellsbæjar. Samveran á klúbbfundunum, sem haldnir eru að jafnaði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann, er félögunum mikilvæg og fundirnir oftast léttir og skemmtilegir. Oft eru fengnir fyrirlesarar til að fjalla um áhugaverð málefni. Stundum er farið í heimsóknir til fyrirtækja og stofnana í stað hefðbundins fundar. Vinnan við blómaræktunina forðum daga gaf okkur félögunum margar góðar samverustundir. Einnig eigum við margar góðar minningar frá samverustundum við önnur verkefni.

Golfmótið okkar „Jóel Exclusive“ sem haldið var árlega á litlum golfvelli ofan við gróðurhúsin hans Jóels í Reykjaví, þar sem bæði reyndir og óreyndir golfarar klúbbsins tóku þátt, er eitt dæmið um góðan anda í klúbbnum. Þótt ótrúlegt megir virðast brotnaði aðeins ein rúða í gróðurhúsunum auk hliðarrúðu í Bronco jeppa Jóels af völdum golfara.

Golfmótið hefur seinni árin verið haldið í tengslum við árlega útilegu okkar félaganna og maka/fjölskyldu eina helgi í ágúst í Skógarnesi við Apavatn. Í tengslum við þessa árlegu útilegu er óhjákvæmilegt að minnast tveggja frumkvöðla að þessari skemmtilegu samveru, félaganna Guðjóns Kristinssonar (Gauja) og Kristins Hannessonar (Kidda) sem báðir eru látnir.

Klúbbfélagar hafa líka farið saman í útreiðartúr eitt kvöld á vorin og grillað á góðum stað. Keilukeppni og pítsa í Egilshölinni



GOLFMÓT Á VELLI JÓELS Í REYKJAHLÍÐ



LIONSMENN VINNA VIÐ STÆKKUN  
KIRKJUGARÐSINS Á LÁGAFELLI



GOLFMÓT Í SKÓGARNESI VIÐ APAVATN



VASKIR LIONSMENN Í VERKEFNI VIÐ KIRKJUGARÐINN Á  
MOSFELLI, HRAFN STEFÁNSSON, EINAR GUÐBJÖRNSSON,  
ÁSGEIR INDRÍÐASON OG INGIMUNDUR EYMUNDSSON

er fastur liður kvöldið fyrir gamlársdag.

Klúbburinn hefur tvisvar sinnum staðið fyrir utanlandsferðum fyrir félag og maka. Vorið 1979 var farin helgarferð til Parísar og vorið 2008 til Barcelona. Báðar þessar ferðir tókust frábærlega vel. Einnig má nefna að allmargir klúbbfélagar fóru ásamt mökum á Alþjóðþing Lions í Las Vegas sumarið 2018 þar sem Guðrún Björt Yngvadóttir var kjörin alþjóðaforsæti Lions.

Ekki verður skilið við félagsstarfið án þess að minnast á þátt eiginkvenna félaganna. Þær hafa alla tíð stutt okkur með ráðum og dád og aldrei látið sitt eftir liggja. Má til dæmis nefna ómetanlegt vinnuframlag þeirra í tengslum við þinghald klúbbsins árin 1992 og 2000. Ein þeirra, Marta G. Sigurðardóttir, fékk Melvin Jones viðurkenningu frá klúbbnum árið 2021.



GAUJÓ OG KIDDI KLÁRIR  
Í GRILLIÐ Í SKÓGARNESI

hjálparsjóðinn og gerði með því alla félagi í klúbbnum sem ekki höfðu áður hlotið Melvin Jones viðurkenningu að Melvin Jones félögunum. Einstakt framlag sem sýndi vel einlægán hug Kidda til klúbbsins og Lionshreyfingarinnar.

## Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF)

Það var okkur klúbbfélögunum mikil upphefð og ánægja þegar Guðrún Björt Yngvadóttir úr Lkl. Eik í Garðabæ, eiginkona Jóns Bjarna Þorsteinssonar félaga okkar, var kjörin alþjóðaforsæti Lions á 101. þingi hreyfingarinnar í Las Vegas sumarið 2018, fyrst kvenna í heiminum.

Guðrún Björt kynntist Lions í gegnum klúbbinn okkar og tók þátt í störfum klúbbsins frá 1982, eins og eiginkonur gera gjarnan. Síðan gekk hún í Lionsklúbbinn Eik 1992. Guðrún Björt var kosin varaforseti Lions 2016 og gegndi hlutverki alþjóðaforsæta Lions með miklum sóma starfsárið 2018 - 2019. Sem fráfarandi forseti varð hún formaður Alþjóðahjálparsjóðs Lions og í stjórn sjóðsins til 2023. Hún gegndi því forystuhlutverkinu í sjö ár, var í framkvæmdastjórn Lions International árin 2016-2023. Með framlagi í Alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar (LCIF) hafa margir klúbbfélagar verið gerðir að „Melvin Jones“ félögunum en það er æðsta viðurkenning innan Lionshreyfingarinnar sem aðrir en alþjóðaforsæti geta veitt.

Kristinn Hannesson félagi okkar lést um aldur fram árið 2023 eftir hetjulega baráttu við illvígt krabbamein.

Nokkru áður en hann lést greiddi hann úr eigin vasa rausnarlegt framlag í LCIF

## Staðan nú

Félagar klúbbsins eru nú 24. Einn af stofnfélögunum okkar, Sigsteinn Pálsson, náði því að verða elsti starfandi Lionsfélagi í heimi, en þegar hann lést í febrúar 2010 nokkrum dögum fyrir 105 ára afmæli sitt mætti hann enn á nokkra fundi á hverju starfsári.

Reglulegir fundir klúbbsins eru haldnir annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar yfir vetrartímann og eru að öllu jöfnu kvöldfundir (kl. 19 - 21) þar sem við borðum saman kvöldmat. Á sumardaginn fyrsta er morgunverðarfundur með fjölskyldum klúbbfélaga fastur liður.

Fundarstaður klúbbsins var lengi vel félagsheimilið Hlégarður en síðustu ár hafa fundirnir verið haldnir í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Klúbburinn hefur lengi haft skrifstofuáðstöðu á annarri hæð í Hlégarði.

Það að vera Lionsfélagi gefur lífinu vissulega gildi. Máltækið „sælla er að gefa en þiggja“ á hér vel við því það er staðreynd að ef þú réttir öðrum hjálparhönd og finnur að þú hafir gert gagn, þá ertu jafnframt að gera eitthvað fyrir sjálfan þig.

Að lokum þetta: Við viljum gjarna fá nýja félagi til liðs við okkur. Ef þú lesandi góður hefur áhuga þá hafðu endilega samband.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Mosfellsbæjar,  
Magnús Sigsteinnsson



# Vinn að endurheimt líkamans

**H**alldóra Huld Ingvarsdóttir, sjúkráþjálfari hjá Verkjalasnum, er mikil ævintýramanneskja. Hún hefur verið í hestamennsku frá unga aldri en eftir því sem hún varð eldri fór hún einnig að hafa áhuga á fjallgöngum, jöklagöngum, utanvegahlaupum og stangveiði.

Draumur Halldóru er að heimsækja allar heimsálfurnar og upplifa mismunandi menningarheima en þau ævintýri þurfa að þola smá bið því í byrjun apríl á hún von á sínu fyrsta barni.

Halldóra Huld fæddist í Reykjavík 15. júlí 1988. Foreldrar hennar eru Helga Hrönn Þorleifsdóttir grafískur hönnuður og keramikker og Ingvar Ingvarsson læknir.

Systkini Halldóru eru Þorleifur Þorri f. 1981, Játvarður Jökull f. 1984 og tvíbura-systirin Sigríður Sjöfn f. 1988.

## Alltaf verið mikið náttúrubarn

„Ég hef alltaf búið í Mosfellsbænum, ólst upp utarlega í Reykjabyggðinni. Ég er mikið náttúrubarn svo þetta var fullkominn staður til að alast upp á.“

„Æskuminningar mínar er flestar tengdar hestamennskunni og útivistinni sem henni fylgir. Á mínum yngri árum var fjölskyldan með hestana í heima haga á sumrin og við systurnar lékum okkur mikið úti í kringum þá ásamt vinkonum okkar. Eins eyddum við miklum tíma í hesthúsinu og það kom fyrir að við gistum allar saman þar. Seinna tóku svo hesthúsapartýin við svo hesthúsið hefur verið staður dýrmætra minninga.

Hestaferðirnar á Öræfin eru samt þær sem standa upp úr, þar sem riðið var með allt stóðið á milli fjallakofa, í allskonar veðrum. Öll þessi hestaævintýri hafi mót- að mig mikið, mér líður einstaklega vel á fjöllum og finnst ekkert að því að leggja af stað í roki og rigningu.

Foreldrar mínir voru líka dugleg að fara með okkur fjölskylduna í ferðalög erlendis. Flórída varð þá oftast fyrir valinu en við ferðudumst einnig um Evrópu og þá helst í kringum heimsmeistaramótin í hestaþróttum.“

## Skólaböllin hápunkturinn

„Ég gekk í Varmárskóla og síðan Gaggó Mos, kennararnir voru góðir og ég hafði gaman af að læra. Á þessum árum gengu allir bæjarbúar í þessa skóla og maður þekkti því jafnaldra sína vel. Þarna kynntist ég nokkrum af mínum bestu vinkonum og ég á góðar minningar frá skólaárunum. Skólaböllin og limmósíurnar á undan voru hápunkturinn í Gaggó Mos og það voru vinsælar hljómsveitir sem komu fram eins og Írafar, Á móti sól og Í svörtum fötum.

Á sumrin starfaði ég ásamt frændsystkinum mínum í bílaumboðinu hjá afa okkar og ömmu við að þrifa og bóna bíla. Það var ótrúlega gaman að vinna hjá þeim og maður reyndi að gera þau stolt. Maður var kannski ekki alltaf fyrirmyndarstarfsmaður, amma komst að því einu sinni að við höfðum stimplað okkur inn en fórum svo

Eftir Ruth Örnólfsdóttir  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is



Halldóra og brosir.

## Þetta voru mistök

„Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla fór ég í Menntaskólann Hraðbraut. Ég hafði alltaf stefnt á MS en tók skynðiákvörðun um að fara í Hraðbraut. Þetta voru mistök, mér fannst lærdómurinn í skólanum mjög þrjúgandi og skólinn einangrandi. Ég segi alltaf að ég sé laumu MS-ingur því mér fannst ég vera að missa svo mikið úr félagslífinu sem vinkonur mínar í grunnskóla voru að upplifa.

Ég hætti í Hraðbraut eftir eitt ár og fór yfir í Borgarholtsskóla, ákvað að leggja minni áherslu á lærdóm en áður og njóta félagslífsins í botn. Þar kynntist ég dýrmætum vinum og átti ógleymanlega tíma.“

## Við Eyjólfur erum heppin

Unnusti Halldóru heitir Eyjólfur Þorsteinsson og er hestamaður. Þau eiga von á sínu fyrsta barni í apríl en fyrir átti Eyjólfur Valdís Mist sem er 11 ára.

„Við Eyjólfur erum heppin að eiga mörg sameiginleg áhugamál og erum dugleg að fara í fjallgöngur, skíðaferðir, veiðiferðir, hlaupa og stunda hestamennsku.

Við höfum einnig gaman af að ferðast bæði innan- og utanlands, skemmtilegustu ferðalögin eru þau sem innihalda útiveru og hreyfingu.“



## HIN HLIÐIN

**Best fyrir líkama og sál?** Hreyfing og útivera með góðum félögum.

**Hvað hefur mótað þig mest?** Hestamennskan.

**Hverju myndir þú breyta á Íslandi ef þú ættir þess kost?** Mögulega húsnæðislánunum.

**Neðarlegasta atvik sem þú hefur lent í?** Vinkona mín minnti mig á þegar ég varð bensínlaus í miðri morguntraffíkinni og svo hef ég líka orðið bensínlaus á bensínstöð.

**Uppáhaldsárstíð?** Allar árstíðir hafa sína kosti og galla, geggjað að vera úti á sumrin og inni í kósý á veturna. Finnst lúmskt hressandi að vera úti í smá roki og rigningu.

**Besta gjöf sem þú hefur fengið?** Uppáhalds hesturinn minn Geysir, sem ég fékk í fermingargjöf frá foreldrum mínum.

**Uppáhaldssundlaug?** Lágafellslaug, hefur allt sem góð laug þarf að hafa.

**Ertu með húðflúr?** Nei.



HALLDÓRA OG EYJÓLFUR Á GÓÐRI STUNDU



FIMMVÖRÐUHÁLS

3 ÁRA Í BRATTHOLTI

furt, fyrir það hafði ég bókað ferð til Kenýa þar sem ég ætlaði að búa í 2400 metra hæð til að fjölga rauðum blóðkornum. Upphaflega ætlaði ég að nota Kenýa ferðina sem æfingabúðir en breytti því í rólegheitaferð með smá hlaupum. Eftir maraþonið þurfti ég svo að hvíla mig andlega frá hlaupum og fara að njóta óléttunnar. Ég hef nýtt tímann í að mála og þá helst olíumálverk, oftast af hestum og náttúru enda hefur áhuginn legið þar.“

## Nær vel yfir mitt áhugasvið

Halldóra Huld hefur starfað mest í gegnum tíðina við umönnun, þá aðallega á elliheimilum en einnig á leikskólanum Hlaðhömrum.

„Ég hóf störf í Lágafellslaug árið 2011 og fór svo í sjúkráþjálfaranám, starfaði þar áfram með námi en ég útskrifaðist 2017. Þetta hentaði mér vel því ég hreinlega dýrka þessa sundlaug.“

Í dag starfa ég sem sjúkráþjálfari hjá Verkjalasnum, þetta er mjög fjölbreytt starf þar sem maður hittir margt áhugavert og skemmtilegt fólk. Starfið nær vel yfir áhugasvið mitt, að vinna að endurheimt líkamans. Hreyfing nær einnig yfir áhugasviðið því hún spilar stórt hlutverk og er allra meina bót. Ekki skemmir fyrir að starfsfélagarnir eru algjör eðalmenni,“ segir Halldóra Huld og brosir er við kveðjumst.

## Hlaupin eru lúmskt skemmtileg

Utanvegahlaup er helsta áhugamál Halldóru en hún fer einnig í götuhaup til að fá tíma. Hún æfir og keppir á braut á veturna til að ná upp meiri hraða og segir brautahlaupin lúmskt skemmtileg og stemmingin í kringum þau mikil.

„Ég mæli með að þeir sem stefna á keppnishlaup yfir sumartímann prófi brautarhlaupin á veturna, það hjálpar mikið við undirbúninginn. Sumrin hjá mér fara núna í að ferðast í kringum hlaupakeppnirnar sem eru víðs vegar um landið og erlendis.“

» **Ég hef alltaf verið mikið náttúrubarn svo þetta var fullkominn staður til að alast upp á.**

Þegar ég komst að því s.l. sumar að ég væri ófrísk þá voru tvö af mínum stærstu hlaupum eftir, annað var CCC by UTMB sem er 100 km utanvegahlaup í kringum Mont Blanc og hitt var götumararþon í Frankfurt. Á meðan ég var að hugsa mína stöðu hvort ég ætti að fara þá tók ég þátt í hálfu maraþoni í Reykjavíkurmaraþoninu og tókst að vinna það.“

## Hef nýtt tímann í að mála

„Ég ákvað svo að fara út í bæði hlaupin og tvíbura-systir mín, Sigga, kom með mér út til að aðstoða mig. Það var mjög gott, ekki síst vegna þess að hún er læknir og því með þekkingu á þessu sviði. Ég lofaði sjálfri mér því og mínu fólki að ef hún myndi segja mér að hætta keppni þá myndi ég gera það tafarlaust.“

Eftir CCC hlaupið var haldið til Frank-



Á Hótel Búðum, Játvarður, Helga, Sigríður, Tinna, Sunna, Halldóra, Ingvar, Ísabella, Sölvi, Þorleifur, Helga og Oddrún.



# MOSÓSKOKK

## NÝLIÐANÁMSKEIÐ

5 vikna námskeið fyrir byrjendur og þau sem vilja komast aftur af stað eftir hlé.

### 22. apríl til 24. maí 2025 – 3 æfingar í viku:

Mánudagar og miðvikudagar kl. 17:30 og laugardagar kl. 9:00

ATH byrjum þriðjudaginn 22. apríl kl. 17:30 við Íþróttamiðstöðina Varmá.

### Þetta færðu á námskeiðinu:

- ✓ Markvissar hlaupaæfingar fyrir byrjendur
- ✓ Hlaupatækni, öndun og líkamsbeiting
- ✓ Styrktar- og teygjuæfingar
- ✓ Fræðslu um búnað, meiðslavarnir og fleira
- ✓ Frábæran félagsskap og stuðning

### Þjálfari: Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir (Gurrý)

ÍAÁK einkaðþjálfari – hlaupa- og styrktarþjálfari – íþróttakennari

Gurrý brennur fyrir að hjálpa fólki að finna gleðina í hlaupunum og byggja upp sterkan grunn. Hún hefur keppt í fjölda hlaupa, bæði ultra og styttri vegalengdum.

### Skráning og nánari upplýsingar:

Skráning á [www.afturelding.is/frjalsar](http://www.afturelding.is/frjalsar) eða í Abler Mosóskokk – hlaupahópur Aftureldingar á Facebook [www.afturelding.is/frjalsar/hlaupahopur](http://www.afturelding.is/frjalsar/hlaupahopur)

- Með fyrirvara um að næg þátttaka verði.

🏷 Verð: 20.000 kr.

### NÝLIÐAVIKUR Í MOSÓSKOKKI

Tvær nýliðavikur: 21. apríl - 3. maí 2025 – Æfingar eru á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:30 og á laugardögum kl. 9:00. Æfingar hefjast við Íþróttamiðstöðina við Varmá.

Ef þú ert að hlaupa og langar að prófa að hlaupa með skemmtilegum hóp án skuldbindingar er tækifærið núna! Komdu og prófaðu að hlaupa með Mosóskokki – engin skráning nauðsynleg, bara að mæta.

- ✓ Þjálfari á staðnum
- ✓ Skemmtilegar og aðgengilegar æfingar
- ✓ Kynning á starfinu og andrúmsloftinu



**Komdu með – við hlaupum saman af stað!**





25 krakkar í æfingabúðum á Laugarvatni • Áhugi á badmintoni meðal fullorðinna

# Líf og fjör hjá badmintondeildinni



## Stefán tekur við af Gunnari í sumar

Að loknu yfirstandandi keppnis-tímabili mun Gunnar Magnússon láta af störfum sem aðalþjálfari meistaraflokks karla í handbolta og Stefán Árnason mun taka við þjálfun liðsins. Einnig tekur Stefán við hlutverki yfirþjálfara yngri flokka. Stefán hefur undanfarin þrjú ár verið aðstoðarþjálfari Gunna Magg hjá meistaraflokki karla, ásamt því að þjálfja þriðja flokk karla. Stefán hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn og rökrétt framhald að Stefán taki við stjórn meistaraflokksins. Gunni lýkur sínu fimmta tímabili í vor með Aftureldingu. Gunni hefur unnið gríðarlega faglegt og gott starf fyrir klúbbinn og lyft starfsemi handknattleiksdeildarinnar upp á annað stíg. Afturelding hefur stimplað sig inn sem eitt af betri liðum Ólífsdeildarinnar þar ávallt er barist um alla þá titla sem í boði eru.



## Karfan hlaut hvatningaverðlaun UMSK

Nú er nýyfirstaðið 101. héraðsþing UMSK þar sem körfuknattleiksdeild Aftureldingar hlaut hvatningaverðlaun UMSK. Deildin er vel að þessu komin en karfan hefur undanfarin ár dafnað vel og vaxið hratt hér í Mosfellsbænum. Þeir Sævaldur Bjarnason yfirþjálfari deildarinnar og Gísli Jón Magnússon sjálfboðaliði til fjölmargra ára tóku á móti verðlaununum frá Guðmundi Sigurbergssyni formanni UMSK.



HÓPURINN MÆTTUR Á LAUGARVATNI



LIÐ AFTURELDINGAR Í 1. DEILD

Það voru 25 badmintoniðkendur á aldrinum 11-16 ára ásamt tveimur þjálfurum og fylgdarliði skelltu sér á Laugarvatni 22.-23. mars.

Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Nokkrar badmintonæfingar, tvær sundferðir og sumir þorðu meira að segja að synda í Laugarvatni. Einnig var farið í ratleik, spurningakeppni og liðakeppni í badminton.

Krakkarnir stóðu sig frábærlega og er vonast til að geta farið árlega í svona skemmtilega ferð með krökkunum.

### Tvær boðaðar á úrtaksæfingu

Badmintondeildin er afar stolt af tveimur efnilegum stúlkum úr röðum Aftureldingar sem boðaðar voru á úrtaksæfingu hjá landsliðsþjálfara Badmintonsambands Íslands.

Þetta er stór áfangi fyrir þær og endurspeglar góða vinnu og framfarir innan deildarinnar. Þær sem boðaðar voru á úrtaksæfingu voru þær Ásta Kristín Andrésdóttir og Sunna María Ingólfssdóttir.

### Fullorðinshóparnir virkir

Fullorðinshópar deildarinnar hafa staðið sig vel á mótum vetrarins. Í nýlokinni liðakeppni BSÍ átti Afturelding lið í bæði 1. og 2. deild. Liðið í 1. deild hafnaði í 5. sæti og liðið í 2. deild tryggði sér 3. sæti.

Það er greinilegt að áhuginn á badminton meðal fullorðinna er mikill. Góður hópur mætti í kynningu á dögnum. Þau fengu kennslu í upphafi tímans og svo voru spilaðir alls kyns skemmtilegir badmintonleikir. Badmintondeildin hlakkar til að geta svarað eftirspurn eftir byrjendatímum þegar við flytjum í íþróttahúsið við Helgafellskóla á komandi misserum.

## Blaklið Aftureldingar í baráttu víða

Blakdeild Aftureldingar sendir mörg lið í keppni Íslandsmóts Blaksambands Íslands en þar er keppt í 7 kvennadeildum fyrir utan úrvalsdeildina og í þremur karladeildum.

Afturelding er með samtals 12 lið í öllum deildum nema 7. deild kvenna og 2. deild karla. Unglingarnir okkar stíga oft sín fyrstu skref á keppnisvellnum í neðri deildum og fá mikilvæga reynslu þar. Okkar ungu stelpur sem spiluðu í 5. deild kvenna gerðu sér lítið fyrir og sigruðu deildina og eru því Íslandsmeistarar í 5. deild kvenna. Afturelding B er einnig skipað um stúlkum sem spiluðu í 1. deild kvenna og þær komu sér í úrslitakeppnina sem spiluð var um síðustu helgi og alla leið í úrslitaleikinn um Íslandsmeistaratitilinn. Þær lutu þær í

lægri haldi eftir frábæra keppni og eru því silfurhafar Íslandsmótsins 2025.

### Úrvalsdeildarliðin í úrslitakeppni

Úrslitin í Íslandsmóttinu er nú að hefjast og eru bæði karla- og kvennalið blakdeildarinnar komin í úrslitakeppni efstu fjögurra liða og hefst úrslitakeppnin 2. apríl þar sem kvennaliðið heldur á Húsavík og spilar við Völsung og 3. apríl heldur karlaliðið til Akureyrar og spilar við KA. Vinna þarf tvo leiki til að komast í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn. Fyrstu heimaleikir liðanna verða um helgina þegar stelpurnar taka á móti Völsung á laugardaginn kl. 14:00 og strákarinnar taka á móti KA á sunnudaginn kl. 14:00 að Varmá og eru Mosfellingar hvattir til að mæta og styðja liðin okkar.



**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

**WWW.JAKOSPORT.IS**





TVEIR SIGURSÆLIR

## Þórður Jökull meistari í sjötta sinn Þórður og Raul Íslandsmeistarar

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata og kumite fór fram sunnudaginn 23. mars. Tveir keppendur mættu til leiks frá Aftureldingu og unnu þeir báðir Íslandsmeistararitla.

Þórður Jökull Henrysson vann örugglega sinn sjötta Íslandsmeistararitil í röð. Fimmtán keppendur voru skráðir til leiks og var keppt með hefðbundnu útsláttarkerfi. Þórður keppti fjóra bardaga og vann þá alla með yfirburðum.

### Góður árangur á sínu fyrsta móti

Raul Emílio Abreu Bermudez keppti á sínu fyrsta móti. Hann keppti í tveimur flokkum, -75 kg og opnum flokki.

Í opnum flokki karla vann hann báða sína bardaga örugglega, 8-2 og 8-0.

Í -75 kg flokki tapaði hann í undanúrslitum 0-1 og fékk því brons í þeim flokki.



2. FLOKKUR

Frábær árangur Aftureldingar á Bikarmóti í hóp fimleikum í Egilshöllinni

## Tveir fimleikatitlar í hús

Dagana 21.-23. mars fór fram Bikarmót í hóp fimleikum í Egilshöllinni.

Fimleikadeild Aftureldingar sendi frá sér fjögur lið sem kepptu í 1. flokk blandaðra liða, 2. flokk blandaðra liða, 3. flokk kvk og stökkfimi.

Frábær frammistaða hjá öllum liðunum og er deildin að rifna úr stolti þessa dagana. 1. flokkur blandaðra tók heim Bikarmeistararitilinn. 2. flokkur blandaðra tók líka heim Bikarmeistararitilinn. 3. flokkur kvenna tók 3. sætið og stökkfimi flokkurinn náði 4. sætinu.

Þrátt fyrir að 1. flokkurinn hefði verið eina liðið að keppa að þá er þessi titill vel verðskuldaður.

Stóra fréttin eftir þetta mót er að 2. flokkur í blönduðum flokki tókst að sigra mótið en í þeim flokki er mjög hörð keppni. Á síðasta móti sem liðið háði keppni þá endaði liðið í 3. sæti en núna á Bikarmóti 2025 tókst þeim að sigra á einungis 0,45 stigum sem er alls ekki mikið í fimleikaheiminum.

Næst á dagskrá er Íslandsmótið sem haldið verður á Akranesi helgina 11.-13. apríl og deildin hvetur fólk til þess að fylgjast með frekara skipulagi inn á heimsíðu Fimleikasambandsins og finna út hvenær liðin okkar keppa og skella í öflugan fjölskyldudag á Skaganum.



1. FLOKKUR

Mikil stemning fyrir sumrinu • Sögulegt tímabil hjá Aftureldingu • Árskortasala í fullum gangi • Komnir til að vera

## Besta deildin hefst á laugardaginn

Næstkomandi laugardag mun karla lið Aftureldingar spila sinn fyrsta leik í sögunni í Bestu deildinni en liðið heimsækir þá Íslandsmeistara Breiðabliks á Kópavogsvöll klukkan 19.15.

Mikil spennan er fyrir fótboldsumrinu í Mosfellsbæ enda er um sögulegt tímabil að ræða hjá Aftureldingu.

„Strákarnir hafa æft gríðarlega vel í veturnum og þjálfarateymið, sjálfboðaliðar í kringum liðið og allir sem að þessu standa hafa lagt mjög mikla vinnu á sig í veturnum til að hægst verði að ná sem bestum árangri í sumar. Það er mikil gleði og liðsheilid hjá okkur,“ segir Magnús Már Einarsson, þjálfari Aftureldingar.

„Stemningin í hópnum er virkilega góð eins og hefur verið einkenni liðsins síðastliðin ár. Það ýtir undir spennuna og stemninguna í hópnum að vera loksins meðal þeirra bestu og við getum ekki beðið eftir að byrja mótið,“ segir Aron Elí Sævarsson fyrirliði liðsins.

### Öflugur liðsstyrkur

Afturelding hélt fréttamannafund í Hlégarði í desember þar sem fjórir nýir leikmenn voru kynntir til sögunnar. Bræðurnir Axel og Jökull Andréssynir eru mættir alfarir á heimaslóðir eftir að hafa farið ungrir í atvinnumennsku erlendis hjá Reading á Englandi.

Oliver Sigurjónsson, reynslumikill miðjumaður, kom til Aftureldingar frá Ís-



MAGNÚS MÁR ÞJÁLFARI  
NÝLIÐA AFTURELDINGAR

landsmeisturum Breiðabliks og kantmaðurinn Þórður Gunnar Hafþórsson bættist í hópinn frá Fylki.

„Allir þessir leikmenn hafa reynslu af því að spila á háu getustigi. Þetta eru karakterar sem bætast við mjög öflugna liðsheilid hjá okkur og við erum með mjög öflugan og spennandi leikmannahóp fyrir tímabilið,“ segir Magnús Már.

### Fleiri Mosfellingar en Blikar?

Í Bestu deild karla eru 12 lið og mætast öll liðin tvisvar áður en deildinni er skipt í efri og neðri hluta þar sem leiknir eru 5 aukaleikir. Tímabilinu lýkur því ekki fyrr en í lok október og stendur yfir í tæpa sjö mánuði.

„Þetta verður langt og skemmtilegt tímabil og við erum komnir til að vera. Við ætlum okkur að festa Aftureldingu í sessi í

Bestu deildinni og vonumst til að fá góðan stuðning frá stuðningsmönnum okkar. Ég vonast til að stuðningurinn sem var í úrslitakeppninni í fyrra fylgi okkur inn í þetta tímabil og skora á Mosfellinga að mæta í Kópavoginn á laugardagskvöld.

Ég hef trú á að stuðningsmenn Aftureldingar geti verið fjölmennari en stuðningsmenn Breiðabliks á þessum opunarleik Íslandsmótsins,“ segir Magnús Már.

### Tveir heimaleikir í apríl

Afturelding mætir ÍBV í fyrsta heimaleik sumarsins sunnudaginn 13. apríl klukkan 17 á Malbikstöðinni að Varmá. Fimmtudaginn 24. apríl, á sumardaginn fyrsta, koma síðan Víkingar í heimsókn.

„Stuðningurinn skiptir algjörlega öllu máli. Stuðningsmenn liðsins eru ástæðan fyrir því að það er skemmtilegast að mæta á völlinn í Mosó. Liðið spilar með meiri orku og gleði þegar stuðningurinn er til staðar,“ segir Aron Elí.

### ÁRSKORT GILDA Á ALLA LEIKI

» Hægt er að kaupa árskort á völlum í appinu „Stubbur“ eða með því að hafa samband á maggi@afturelding.is og fá heimsent kort í Mosfellsbæ. Árskortid gildir líka á leiki í Lengjudeild kvenna en Afturelding hefur leik þar 3. maí gegn KR á Malbikstöðinni að Varmá.





# Sumarnámskeið Aftureldingar 2025



**Blak  
Badminton  
Fimleikar  
Handbolti  
Körfubolti  
Knattspyrna  
Sund**

## Reiðskólinn Hestasnilld

Sumarreiðnámskeið fyrir vana krakka í litlum hópum

Það sem er sérstakt hjá Hestasnilld eru miklu minni hópar en annars staðar og menntaður reiðkennari er með krökkunum allan tímann á sumarnámskeiðum.

### **Hestasnilld er með frábæra hesta og reiðtygi**

Námskeiðin eru mjög skemmtileg, einstaklingsmiðuð - Langir reiðtúrar og fullt af mikilvægum lærdómi fyrir áhugasama hestakrakka. Það verða max 6-8 krakkar í hóp.

Aldursviðmið eru ca. 9-16 ára, allt eftir getustigi frekar en aldrinum.

**Nánari upplýsingar: [www.hestasnilld.is](http://www.hestasnilld.is) eða á instagram [hestasnilldar](https://www.instagram.com/hestasnilldar)**





# Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga



Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin munu koma inn á [www.mos.is](http://www.mos.is).

## Stuðningur

Frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið Mosfellsbæjar benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar: [elisan@mos.is](mailto:elisan@mos.is)

## Ert þú að halda námskeið?

Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is)



# Hestamennt Sumarið 2025

10.júní – 20.júní 8.dagar	35.000-kr
23.júní – 4.júlí 10.dagar	41.000-kr
7.júlí – 11.júlí 5.dagar	21.000-kr
14.júlí – 18.júlí 5.dagar	21.000-kr
21.júlí – 25.júlí 5.dagar	21.000-kr*
28.júlí – 1.ágúst 5.dagar	21.000-kr
5.ágúst – 8.ágúst 4.dagar	18.000-kr
11.ágúst – 22.ágúst 10.dagar	41.000-kr
Stubbanámskeið 21 – 25.júlí	26.000-kr**


\*Aðeins í boði eftir hádegi

\*\*Aðeins í boði fyrir hádegi

\*\*\* Menntaður reiðkennari, öll reiðtygi, hjálmar, bakkbrynjur og frábærir hestar.

Reiðskólinn Hestamennt mun bjóða upp á reiðnámskeið í sumar líkt og síðastliðin 30 ár. Í boði verða viku og tveggja vikna námskeið, annarsvegar fyrir hádegi frá kl 9:00 – 12:00 og hins vegar eftir hádegi frá kl 13:00 – 16:00.

Skráning og nánari upplýsingar eru á **hestamennt.is**



## SUMARNÁMSKEIÐ BARNNA 2025

Golf og leikjanámskeið Golfklúbbs Mosfellsbæjar

### Júní

16. - 20. júní  
(4 dagar - ekki 17. júní)

### Júlí

7. - 11. júlí (5 dagar)  
14. - 18. júlí (5 dagar)  
28. - 8. ágúst (5 dagar)

### Ágúst

11. - 14. ágúst (4 dagar)

# SKRÁNING Á GOLFMOS.IS



# ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ MOSVERJA

## SUMARIÐ 2025

**SKEMMTILEG ÚTILÍFSNÁMSKEIÐ  
FYRIR ÆVINTÝRAGJARNA KRAKKA  
Í 1.-4. BEKK**

- Vika 1 10.-13. júní - 4 dagar
- Vika 2 16.-20. júní - 4 dagar
- Vika 3 23.-27. júní - 5 dagar
- Vika 4 30. júní - 4. júlí - 5 dagar
- Vika 5 5.-8. ágúst - 4 dagar
- Vika 6 11.-15. ágúst - 5 dagar



**SKRÁNING HEFST 3. APRÍL 2025**  
**[www.abler.io/shop/mosverjar](http://www.abler.io/shop/mosverjar)**



## LÁGAFELLSSKÓGUR - Útivistarsvæði

Laugardaginn 19. maí árið 1990 gróðursetti Skógræktarfélag Mosfellsbæjar fyrstu trjáplönturnar í Lágafellið.

Síðan þá hefur um 100 þúsund trjám og runnum verið plantað á svæði félagsins sem nær yfir 22 hektara. Í fellinu er að vaxa upp fallegur skógur sem er vinsæll til útivistar en líklega eru margir Mosfellingar sem ekki hafa lagt leið sína í Lágafellsskóg.

Skógræktarfélagið hvetur ykkur til að taka göngu í skóginum núna á 70 ára afmælisári félagsins.

### Blandaður skógur og fjölbreytt tegundaval

Ilmbjörk þekur stóran hluta skógarins sem gerir hann opinn, bjartan og tiltölulega lágvaxinn.

Fyrstu árin voru birki og stafafura ráðandi tegundir í gróðursetningunni en síðar bættust við elri, lerkí, greni, reynir og ýmsir skrautrunnar. Við vatnstankinn voru til dæmis gróðursettar nokkrar vefjaræktaðar reynivíðarplöntur frá Þuríði Yngvadóttur.

Þegar allt er talið hefur skógræktarfélagið plantað um þrjátíu tegundum af trjám og runnum í Lágafellið. En við erum ekki hætt að bæta í flóruna, því nú þegar elstu trén eru farin að veita gott skjól og hafa auðgað jarðveginn, þá hafa skapast skilyrði fyrir fleiri tegundir sem gera ríkari kröfur til vaxtarstaðar en frumherjategundirnar.



HORFT YFIR KRIKAHVERFI Á FALLEGUM SUMARDEGI 2018



STAFAFURAN NÆR JÓLATRJÁAHÆÐ Á UM 15 ÁRUM

Reynt að nýta gróðurinn • Fururnar vinsælar á jólnum

### Uppbygging Krikahverfis

Skógræktarsvæðið var í upphafi stærra en nú er og teygði sig þá nær Reykjaveginum. Þessi neðsti hluti skógarins fór undir byggð þegar Krikahverfið var skipulagt.

Gróðrinum var þó ekki rutt niður hugsunarlaust heldur var reynt að nýta hann með ýmsum hætti.

Íbúum var til að mynda gefinn kostur á

að stinga upp tré og færa í garða sína. Og þar sem fururnar voru þá komnar í vinsæla jólatrjáahæð gat Skógræktarfélagið sótt þær á sölusvæði sitt í Hamrahlíðinni, svo Lágafellssfurur prýddu margar stofur á höfuðborgarsvæðinu síðustu jólin fyrir byggingu hverfisins.

Sjálfbóðaliðar og vinnuskólinn • Margir sjálfbóðaliðar lagt hö

### Gróðursetningin

Gróðursetningarnar fóru að mestu leyti fram á árunum 1990 og 1991, þá í neðri hluta svæðisins. Ofar í Lágafellinu var gróðursett seinna, aðallega á árunum 2000 og 2001.

Í upphafi skipulagði skógræktarfélagið gróðursetningarkvöld og lögðu margir sjálfbóðaliðar hönd á plóg, bæði félagsmenn og aðrir.

Markvissar gróðursetningar hófust svo í kjölfarið, undir stjórn Kristínar Davíðsdóttur og Elísabetar Kristjánsdóttur, þar

sem unglingar úr vinnuskóla Mosfellsbæjar voru fengnir í verkin.

#### Skipulögðu góða nýtingu á landinu

Það er stundum rifjað upp hvernig þær stöllur fóru að því að skipuleggja góða nýtingu á landinu, þannig að hvorki væri gróðursett of þétt né of gisið.

Settir voru niður staurar til að afmarka upphafspunkt og endapunkt ímyndaðrar gróðursetningarlínu, en blessunarlega var oft erfitt fyrir krakkana að fylgja beinni línu,




BIRKID Í MARS 2025



# MOSFELLSBÆJAR 70 ÁRA

## Í bakgarði Krikahverfis



Aðkoma frá Krikahverfi og Skarhólabraut • 1,6 km langur hringur um svæðið

## Göngustígur um skóginn

Stígar liggja inn í skóginn á fjórum stöðum upp úr Krikahverfinu og tengjast þeir allir göngustíg sem leiðir fólk góðan 1,6 km langan hring um svæðið.

Einnig er hægt að koma í skóginn frá Skarhólabrautinni, eftir slóða sem tengist hringleiðinni.

Skógræktarfélagið fékk á sínum tíma myndarlegan styrk frá Pokasjóði til að gera göngustíginn. Hann hlykkjast skemmtilega

um skóginn og við getum þakkað það Einari Gunnarssyni skógræðingi sem hannaði stíginn. Gaman að halda því til haga að efnid í þennan malarstíg var sótt í Leirvogsa.

Síðar lenti hluti af göngustígnum undir byggðinni í Krikahverfi og þá var það Ágúst Hálfðánarson, stjórnamaður í skógræktarfélaginu til margra ára, sem valdi og ruddi nýja leið ofan Litlakrika og lagði þennan nýjasta part hringsins.

Fólk sem lagt hefur leið sína í Lágafells-skóginn gegnum tíðina muna sjálfsgætt flestir eftir tveimur bekkjum sem Sveinn Frímansson heitinn smíðaði fyrir skógræktarfélagið.

Þeir sem kunnugir eru staðháttum rata í birkirjóðrið þar sem annar þeirra stendur dálítið afsíðis og við höfum fyrir satt að þar sé einstaklega gott að setjast niður og láta hugann reika.

## nd á plóg • Náttúrulegar línur

svo útkoman varð náttúrulegar línur sem eru einmitt í hávegum hafðar í skógræktinni.

Gróðursetningin fór fram á varpsvæði sílamáva og fýla sem voru lítt hrifnir af framkvæmdunum og svifu lágt yfir krökkunum til að kenna þeim lexíu.

Það fór nú oft illa í mannskapinn sem forðaði sér öskrandi undan fuglunum. Fýls ungarnir voru á hinn bóginn ekki manna-fætur og voru stundum mættir í föturnar þegar átti að sækja fleiri plöntur.



BIRKIÐ SUMARIÐ 2005

Árið 1990 þurfti enn að girða til að verjast búfé • Undir merkjum Landgræðsluskóga

## Upphaf skógræktar í Lágafelli

Lágafellið var fyrsta verkefni Skógræktarfélags Mosfellsbæjar undir merkjum Landgræðsluskóga sem hófu göngu sína árið 1990 og voru liður í miklu skógræktaráttaki á Íslandi.

Guðrún Hafsteinsdóttir, þáverandi formaður skógræktarfélagsins, skrifaði undir samning um 24 hektara skógræktarsvæði úr landi Mosfellsbæjar og fyrsta verk var að afmarka svæðið með girðingu. Skógræktarlandið í Lágafelli liggur frá Skarhólabraut, fyrir ofan núverandi byggð í Krikahverfi og langleiðina að Vesturlandsvegi.

### Áhersla á skógrækt og uppgæðslu

Oddgeir Þór Árnason, þáverandi garðyrkjustjóri Mosfellsbæjar, var afar áhugasamur um skógræktina í Lágafelli og studdi vel við bakið á skógræktarfélaginu í því ræktunarstarfi. Hann lagði ávallt mikla áherslu á skógrækt og uppgæðslu í sveitarfélaginu, gróðursetti skjólgróður víða um bæ á svæðum sem margir töldu ómögulegt að rækta tré.

Oddgeir setti klárlega mark sitt á bæinn og er einn af þeim sem eiga heiðurinn að því hvað sveitarfélagið getur í dag státað af gróskumiklum trjágróðri. Það var því vel við hæfi þegar hann fékk viðurkenningu frá Mosfellsbæ árið 2019 fyrir góð störf að skógræktarmálum í Mosfellsbæ um margra ára skeið.



FYRSTA GRÓÐURSETNINGIN, 19. MAÍ 1990

### HVERNIG SKRÁI ÉG MIG Í FÉLAGIÐ?

Þátttaka í skógræktarfélagi er góð leið til að taka þátt í samfélagslega mikilvægu starfi sem gefur af sér á svo margan hátt. Í dag eru um 180 félagsmenn í Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Við höfum byggt upp skógarauðlind sem gefur af sér mikil verðmæti til bæjarbúa með skjóli og útivistarsvæðum í nágrenni byggðarinnar. Á sama tíma binda trén mikið kolefni úr andrúmslofti og er þá okkar framlag til kolefnisbindingar á Íslandi.

Þú getur verið með okkur með því að senda tölvupóst á skogmos@skogmos.is til að skrá þig í félagið, bjóða fram hjálparhönd eða fá frekari upplýsingar um félagið.

Skógræktarfélagið þakkar framsýni og elju eldri félagsmanna fyrir að við eigum í dag vöxtulega skóga í fellunum umhverfis bæinn. Faðmur trjáanna er eftirsóttur til útivistar og þannig liður í bættri lýðheilsu. Við höldum áfram að rækta, annast núverandi skóga og gróðursetja nýja.





ÓLÖF, BETA GAGGA OG MADDY

Menningarveisla í Kjarna 22. mars • Mars konur í Listasalnum • Stöllurnar á torginu

## Konur lögðu undir sig Kjarnann

Laugardaginn 22. mars var sannkölluð menningarveisla í Kjarna.

Í Listasal Mosfellsbæjar opnaði sýningin Mars konur, en þar sýna listakonurnar Elísabet Stefánsdóttir, Fríða Gauksdóttir og bæjarlistamaðurinn Þóra Sigurþórsdóttir.

Sýningin dregur nafn sitt af þeim mánuði sem sýningin er opnuð í, mars. Einnig er sýningunni ætlað að upphelja konuna sem slíka og sérstaklega listakonur þar sem þær fengu seint þann sess að sýna list sína meðal samlistamanna hér áður fyrr.

### 2025 er ár konunnar

Sama dag stóð kvennakórinn Stöllurnar fyrir viðburði undir yfirskriftinni Kona um konu frá konu til konu. Árið 2025 er ár konunnar og vildu Stöllur fagna því sérstaklega með viðburði sem var tileinkaður konum.

Kórinn státar af mjög listrænum meðlimum og lögðu þær allar fram krafta sína á fjölbreyttan hátt. Viðburðurinn innihélt söng, myndlist, blómaskreytingar, smásagna- og ljóðalestur, þar sem konurnar nýttu sína sérhæfingu og sköpunarkraft.



ÞÓRA SIGURÞÓRSDÓTTIR



Kjötbúðin Sunnukrika 3

# HELGAR-TILBOÐ

UNGNATALUNDIR  
Í TRUFFLUMARINERINU

9.438 KR/KG

TRIPPAFÍLE

4.798 KR/KG

RJÓMALÖGUÐ PIPARSÓSA

478 KR/STK

FRÖNSK BLAUT SÚKKULADÍKAKA

20% AFSLÁTTUR



**KJÖTBÚÐIN**

www.kjotbudin.is







## Menning í mars í þriðja sinn

Menning í mars er verkefni menningar- og lýðræðisnefndar bæjarins sem hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og styðja þau sem að því standa við að kynna sig.

Fjölbreyttir menningarviðburðir voru í boði í bænum í mars og hófst mánuðurinn á opnu húsi Listaskóla Mosfellsbæjar þann 1. mars þegar allar deildir skólans kynntu sitt blómlega starf.

### Popp og góðir gestir

Hlégarðsbíó var endurvakið í félagsheimilinu 9. mars, þegar klassíska kvikmyndin Stella í orlofi var sýnd.

Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri myndarinnar og Edda Björgvinsdóttir sem fer með aðalhlutverkið sögðu gestum frá tilurð myndarinnar og viðtökum hennar.



## Frumskýning í Bæjarleikhúsinu

Leikfélag Mosfellsveitar setur upp söngleikinn Galdrakarlínn í Oz. Frumsýnt var sunnudaginn 9. mars en sýningar fara fram

á sunnudögum.

Leikstjóri er Aron Martin Ásgerðarson og danshöfundur Svanhildur Sverrisdóttir.



**ÓSOM FUNDIR FYRIR KRAKKA Í 8-10 BEKK  
ALLA ÞRIÐJUDAGA KLUKKAN 20:00-21:30  
(HÚSIÐ OPNAR 19:30) ÞVERHOLTI 3, 2. HÆÐ  
UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á HEIMASÍÐU  
LÁGAFELLSKIRKJU EÐA Á INSTAGRAM @OSOM.270**

# Hreinsunaráttak í Mosfellsbæ



## DAGANA 22. APRIL – 5. MAÍ VERÐUR HREINSUNARÁTTAK Í MOSFELLSBÆ ENDA VORIÐ Á NÆSTA LEYTI.

Á því tímabili eru íbúar Mosfellsbæjar hvattir til að huga að umhverfinu og hreinsa í kringum hús sín og næsta umhverfi.

### Hreinsun gróðurs og lóða

Meðan á hreinsunaráttakinu stendur er gott tækifæri fyrir íbúa að taka til hendinni í garðinum og snyrta runna og beð og eru þeir sérstaklega hvattir til að klippa hekk og tré sem ná yfir gangstéttar og stíga.

Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á þessu tímabili í hverfum bæjarins á eftirtöldum stöðum:

- Holta- og Tangahverfi – Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)
- Höfða og Hlíðahverfi – Vörubílastæði við Bogatanga
- Teiga- og Reykjahverfi – Skarhólabraut ofan Reykjavegar og við Sunnukrika
- Hlíðartúnshverfi – Við Aðaltún
- Helgafellshverfi – Efst í Brekkulandi og við strætóskýli við Vefarastræti
- Leirvogstunga – Á stæði við stoppistöð á Tunguvegi
- Mosfellsdalur – Á bílastæði við Þingvallaveg

### Hreinsunardagar á opnum svæðum 25. – 27. apríl

Helgina 25. – 27. apríl verður ráðist í hreinsunaráttak á opnum svæðum bæjarins og meðfram nýbyggingarsvæðum. Afturelding og skátafélagið Mosverjar munu að venju aðstoða við hreinsunina og taka vel til hendinni.

Allir íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að taka þátt í hreinsunaráttaki Mosfellsbæjar og hjálpast að við að gera bæinn fallegan og snyrtilegan fyrir sumarið.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



# Konukvöld

AFTURELDINGAR

HLÉGARÐI 9. MAÍ 18:30

FORRÉTTAHLAÐBORD

VEISLUSTJÓRI BIRNA RÚN

TRÚBADOR MAGGI HAFDAL

DJ ATLI MÁR

MIDAVEÐ: 11.900 KR

MIDASALA: MIDIX

BYGGINGAFÉLAGIÐ  
**BAKKI**



SKÓLA  
HORNID

## BÖRNIN OKKAR

**Að verða foreldri** er líklega ein stærsta breyting sem verður í lífi fólks. Daglegt líf umturnast þar sem foreldrar hætta að geta stýrt tíma sínum alfarið sjálfir og flest skipulag fer að snúast í kringum þessi litlu kríli.

Það er mikil ábyrgð sem fylgir foreldrahlutverkinu og hafa foreldrar oft áhyggjur af því hvort þau séu að standa sig nægilega vel. Með tímanum hefur aðgengi að upplýsingum, bókum og námskeiðum sem fjalla um uppeldi barna aukist til muna.

Með tilkomu samfélagsmiðla hefur bæst enn meir í upplýsingaflæði með áhrifavöldum sem eru með alls konar góð ráð tengd uppeldi (og önnur minna góð ráð), svo oft getur verið yfirþyrmandi fyrir foreldra að vita hvernig eigi að snúa sér þegar upp koma áskoranir í uppeldinu. Með öllum þessum upplýsingum getur komið pressa á foreldra að standa sig vel og verður það oft til þess að búa til óþarfa streitu tengda foreldrahlutverkinu.

Við erum jú öll mannleg, eigum okkar góðu og slæmu daga, gerum mistök og það er allt í góðu lagi. Það er óraunhæft

markmið að ætla að standa sig fullkomlega í foreldrahlutverkinu og við erum öll að gera okkar besta miðað við þau verkfæri sem við höfum í höndunum hverju sinni.

Þegar sækja á sér upplýsingar tengdar uppeldi er mikilvægt að hafa aðgengi að góðum upplýsingum sem byggja á gagnreyndum aðferðum og klínískri reynslu þeirra sem upplýsingarnar veita. Námskeiðið **Ertu að tengja?** Uppeldi, tengsl og foreldrahlutverkið, verður haldið hér í Mosfellsbæ í vor.

Námskeiðið miðar að því að veita foreldrum aðgengi að gagnlegum aðferðum í uppeldi barna, fræða þau um tengslamyndun og samskipti og hjálpa þeim að lesa í hegðun barna sinna til að bregðast rétt við. Á sama tíma miðar námskeiðið að því að hjálpa foreldrum að styrkja sig í foreldrahlutverkinu og minnka streituna sem getur fylgt þessu mikilvæga hlutverki, að vera foreldri. Tímasetningar verða auglýstar þegar nær dregur.

*Daðey Albertsdóttir  
sálfræðingur*

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ MOSFELLSBÆJAR



**BINGO**  
**BINGO**  
**BINGO**

*Páska*  
**BINGO**

**Laugardaginn**  
**5. apríl**  
**Kl. 13:00**

**í sal**  
**Kvíslarskóla**

**Fullt af**  
**flottum vinningum**

**1000 kr fyrir 1 spjald**  
**2000 kr fyrir 2 spjald**  
**2500 kr fyrir 3 spjald**

Staða skólastjóra Kvíslarskóla



# Brennur þú fyrir framúrskarandi skólastarfi?



Leitað er að metnaðarfullum og lausnamiðuðum einstaklingi sem býr yfir leiðtoga-hæfileikum og hefur víðtæka reynslu og þekkingu á skólastarfi.

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á vellíðan og farsæld barna og unglunga, stjórnun og forystu, framsækinni skólaþróun og framúrskarandi skólastarfi.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2025.

Mosfellsbær

[www.mos.is/skolastjori](http://www.mos.is/skolastjori)

# UMSÓKNAFRESTUR TIL 11. APRÍL

UNGLINGAR FÆDDIR 2009 - 2010 - 2011

# Vinnuskólinn

## 2025

UMSÓKNIR: [VINNUSKOLI-UMSOKN.VALA.IS](http://VINNUSKOLI-UMSOKN.VALA.IS)

MOS.IS LEIT: VINNUSKOLI  
 VINNUSKOLI@MOS.IS





## FÓTAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

www.bmarkan.is

# FJALS

**HJÁLMAR GUÐMUNDSSON**  
**LÖGGILDUR HÚSAMÍÐAMEISTARI**  
S: 6959922  
FHSVERK@GMAIL.COM



**SteinTeppi.is**

*Gölfefna lausnir  
fyrir heimili  
og fyrirtæki*

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

# AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is



BÍLAVIÐGERÐIR  
BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

## Blikastaðabærinn – hvað verður um hann?

*Uppbygging á svæðinu kallar á yfirvegaða umræðu og virðingu fyrir þeirri starfsemi sem þar fer nú fram*

Nú liggur fyrir gríðarleg uppbygging á Blikastöðum sem mun móta samfélag okkar til framtíðar. Slíkar framkvæmdir kalla á yfirvegaða umræðu og gagnrýna hugsun, því sporin hræða. Í gegnum tíðina hafa skipulagsákvæðanir verið teknar sem hafa haft óafturkræf áhrif á bæjarmyndina. Við hljótum að spyrja: Var rétt ákvörðun á sínum tíma að byggja Kjarnann í þeirri mynd sem hann er í dag? Er blokkaklassinn í Þverholti miðbær Mosfellsbæjar? Og verða Blikastaðir hinn nýi miðbær?



verk sín. Það er fullt tilefni til að ræða möguleikana á nýtingu gamla bæjarins með aðkomu bæjarbúa sem áhuga hafa á málefnum.

Það þarf ekki að finna upp hjólið - við eigum þegar frábæran grunn að menningarstarfsemi sem við ættum að vera stolt af. Byggjum ofan á það sem þegar hefur rætur, og styðjum það sem er að blómstra í bænum okkar.

### Hagsmunir í ójafnvægi?

Það sem vekur áhyggjur er sú staðreynd að bankinn á bæði Blikastaði og landið þar í kring, og hefur ráðið talsmann til að kynna sínar hugmyndir og hafa áhrif á umræðuna. Bankinn hefur augljósa fjárhagslega hagsmuni af uppbyggingunni - enda snýst bankastarfsemi um að hámarka verðmæti fjárfestinga.

Mosfellsbær fer hins vegar með skipulagsvaldið. Þannig eru tveir aðilar með ólíka hagsmuni að stýra þessu verkefni. Fyrir mér minnir þetta svolítið á Davíð og Góliat. Þess vegna verðum við, kjörnir fulltrúar bæjarins, að standa í lappirnar, staldra við og tryggja að uppbyggingin sem framundan er sé í sátt við samfélagið og í samræmi við gildi bæjarins okkar.

Við eigum ekki að sætta okkur við uppbyggingu sem þóknast fyrst og fremst fjármagninu. Við eigum að krefjast þess að það sem byggt verður á Blikastöðum nýttist fólkinu í bænum - okkur öllum - og virði söguna, menninguna og samfélagið sem þar er nú þegar lifandi.

Munum það að saga Mosfellsbæjar er sérstök á landsvísu og er fullt tilefni til að koma henni á framfæri fyrir alla landsmenn sem og erlenda gesti.

Kristján Erling Jónsson  
Vinur Mosfellsbæjar

### Byggjum á því sem er

Ég sé fyrir mér að á Blikastöðum verði til menningarsetur sem endurspeglar sögu bæjarins og þeirri öfluglu starfsemi sem þar hefur verið og er enn í formi menningarstarfs. Þar væri kjörið að hýsa einnig annað menningarlegt og sögulegt efni, til dæmis hernámsafn Tryggva Blumenstein, veita Sögufélaginu aðstöðu og jafnvel færa starfsemi Héraðsskjalasafnsins þangað. Við gætum haft notalegt kaffihús og rými fyrir listamenn til að koma fram og sýna

## Fjörumór

Þegar eg las jarðfræði í Menntaskólanum í Hamrahlíð fyrir meira en hálfri öld var lesin nýútkomið rit Þorleifs Einarssonar jarðfræðings sem bar það yfirlætislausu nafn Jarðfræði, saga bergs og lands.

Þetta rit heillaði mig og átti ég oft margar stundir með þessu merka riti löngu eftir að ég las á námsárunum mínum.

Á einum stað segir frá fyrirbærinu fjörumór og minnstæð er mynd Sigurður Þórarinnssonar af fjörumórnum yst á Seltjarnarnesi móts við Gróttu. Fjörumór má rekast á nokkuð víða á Íslandi. Auk Seltjarnarness, má finna hann á Kjalarnesi, Akranesi, við Stokkseyri og á Höfn í Hornafirði.

Fjörumór er leifar mýra í landslagi sem sigið hefur vegna jarðskorpuhreyfinga á löngum tíma. Telur Þorleifur að Seltjarnarnes sem og land við innanverðan Faxaflóa hafi sigið um allt að 5 metra á undanförunum 3.000 árum (Jarðfræði Þ.E. 1968, bls. 199).

Fyrir nokkru var ég á gangi um Leirutanngann sem teygir sig fram í Leirvoginn. Á stórstraumslóði verður hann lítil eyja og efst er þar varpstaður ýmissa fuglategunda eins og tjalds. Áður minnst ég þess að kría hafi orpið þar. Nú varð ég var við að eftir stórviðri af vestri fyrir í vetur hafði orðið töluverðar breytingar á tunganum. Nokkur fet af möl hafði skolast burt af vestanverðum tunganum, efnið flust að ein-



hverju leyti ofar á tangann og þrengt að varpstöðvum fuglanna, lagt undir sig nokkra tugi fermetra af melgresi sem þarna vex og er gott skjól fyrir fuglalíf. Þarna á tunganum vestanverðum má sjá fjörumór eins og Þorleifur getur um í jarðfræðibók sinni. Hvet ég sem flesta Mosfellinga að leggja leið sína í fjöru og skoða þetta jarðfræðifyrirkæri.

Nú vil ég taka fram að jarðfræði er fyrst og fremst áhugamál mitt sem og annað sem heyrir náttúrufræðum til. Hefi ég reynt að lesa mig til sem mest og fylgjast vel með.

Fyrir þá sem þykir saga áhugaverð þá eru fornar leifar mannvirkja yst og vestast á Blikastaðanesinu. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og forseti rannsakaði þetta umhverfi á sínum tíma. Birtist grein hans í Árbók fornleifafélagsins 1980 og má nálgast hana hér: <https://timarit.is/files/68889713>.

Því miður eru þessar minjar að verða eyðingunni að bráð og hverfa okkur sjónum ef ekkert verður að gert. Þarna hafa öldur sjávar skolað í burtu einhverjum metrum og verður það að teljast miður.

Ég hef bent umhverfisnefnd Mosfellsbæjar á þetta mál og vænti þess að það verði skoðað og tekin ákvörðun um hvernig unnt verði að bjarga því sem unnt er frá frekari eyðingu.

Guðjón Jensson  
Arnartanga 43  
Mosfellsbæ





# Leitum að leiðtoga í uppbyggingu og framkvæmdum



Við leitum að framsæknum og talnaglögnum leiðtoga til að stýra umfangsmikilli uppbyggingu, nýframkvæmdum og eignaumsjón í ört vaxandi sveitarfélagi.

Mikilvægt er að rekstrarstjóri hafi farsæla reynslu af mannauðs- og fjármálastjórnun, hafi þekkingu á rekstri sveitarfélaga og ríka þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2025.



## Íslenskar ullarsængur tilvalin fermingargjöf

Íslenskar ullarsængur, ullarkoddar,

yfirdýnur og væðarvoðir

Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands



-15%

# APRÍL 2025

MÁN VARMÁBÓL	ÞRI LÁGÓ & HELGÓ	MID VARMÁ & LÁGÓ	FIM HELGÓBÓL	FÖS ÖLL BÓL
<b>31</b> KÓSYKVÖLD ARA	<b>1</b> SPILL THE TEA	<b>2</b> HJARTSLÁTTUR	<b>3</b> SPILAKVÖLD	<b>4</b> VARMÁ BINGO!
<b>7</b> PÍLUKEPPNI	<b>8</b> MINIEGG NIGHT	<b>9</b> OPIÐ HÚS	<b>10</b> PINGPONG MÓT	<b>11</b> HELGÓ NAMMI & CHILL
<b>14</b> OPIÐ HÚS	<b>15</b> PÁSKAFÖNDUR	<b>16</b> PÁSKAEGGJALEIT	<b>17</b> LOKAD PÁSKAFRÍ	<b>18</b> LOKAD PÁSKAFRÍ
<b>21</b> LOKAD PÁSKAFRÍ	<b>22</b> 16-18 ÁRA KVÖLD - LÁGÓ OPIÐ HÚS F ALLA - HELGÓ	<b>23</b> POPP & MYND	<b>24</b> SUMARDAGURINN FYRSTI ÚTILEIKIR	<b>25</b> ÍPRÓTTAHÚSFJÖR
<b>28</b> NAMMI & CHILL	<b>29</b> OPIÐ HÚS	<b>30</b> POOL MÓT	<b>2.-3. MAÍ</b> <b>ÞAMFESTINGURINN</b>	

OPIÐ ÖLL KVÖLD FRÁ 19:30- 21:45



## HEILSUMOLAR GAUA



### SAMNÝTING OG SAMSTARF

Ég fór með samstarfsfólki mínu í fræðsluferð til Finnlands í síðustu viku. Það er margt sem við getum lært af Finnunum, ekki síst samnýting á aðstöðu. Hluti hópsins fór í dagsferð til Tampere þar sem við fengum kynningu á hinum glæsilega Tammelan leikvangi sem var vígður á síðasta ári. Framkvæmdastjóri vallarins, Toni Hevonkorpi, tók á móti okkur og sýndi okkur mannvirkni. Nýtingin á vellinum sjálfum er þannig að meistaraflokkar félagsins æfa á honum fyrir hádegi, eftir hádegi fá skólar og eldri borgarar að nýta hann áður en yngri flokkar Ilves, heimaliðsins, mæta á æfingar. Hluti af stúkubyggingunni er leigður út sem skrifstofurými á daginn og neðsti hluti stúkubyggingarinnar er vel skipulagt geymslusvæði.

En Tammelan völlumurinn er ekki bara fótboltavöllur. Í mannvirkni er einnig stór matvöruverslun, þrjár veitingastaðir og bílakjallari. Stórt fjölþýlishús er einnig hluti af mannvirkni sem fellur vel inn í umhverfið í borginni. Fótbolti er í aðalhlutverki, en viðburðir á borð við tónleika er mikilvægur hluti af rekstrinum. Tampere er markvisst að markaðssetja sig sem íþróttar- og viðburðaborg og fjölnýtanleg mannvirki eru þar í aðalhlutverki. Nokia Arena, að grunni til íshökkhóll, er veglegasta mannvirkni af þessu tagi í Tampere, en þar mun einmitt einn riðill í úrslitakeppni Evrópumótsins í körfubolta fara fram í ágúst. Næst á dagskrá er að byggja íþróttar- og viðburðamannvirki fyrir finnskan hafnabolta – en sú íþrótt er hátt skrifuð hjá frændum okkar Finnum.

Finnarnir eru líka til fyrirmyndar þegar kemur að því að hvetja til heilbrigðrar útiveru. Meðfram strandlengjunni í Helsinki eru göngu-, hlaupa- og hjólastígar, garðar, padelvellir, apastigar, æfingataeki, saunur, bryggjur, bátar og kaffihús sem laða heimamenn og gesti til sín. Ég sé fyrir mér Hafravatnið þegar ég labbaði meðfram ströndinni í Helsinki. Við gætum búið til útivistarparadís í kringum vatnið – grunnurinn er til staðar – það sem þarf til er vilji til samstarfs og samnýtingar.

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



MAGNÚS, BJARKI, LINDA OG BJARNI FJÖLLUDU UM ULLARVERKSMIÐJUNA Á ÁLAFOSSI



LEIKFÉLAGIÐ BRÁ Á LEIK

Ríflega 200 gestir á Sögukvöldi í Hlégarði • Haldið í þriðja sinn • Menning í mars

# Álafossull er á við gull

Ríflega 200 gestir mættu í félagsheimilið Hlégarð fimmtudaginn 27. mars þegar efnat var til Sögukvölds undir yfirkriftinni Álafossull er á við gull.

Bjarki Bjarnason rithöfundur tók á móti gestum en umfjöllunar-efni kvöldsins var ullarverkmiðjan á Álafossi í máli og myndum. Viðmælendur Bjarka voru Magnús Guðmundsson, Linda Björk Stefánsdóttir og Bjarni Ásgeirsson sem þekka vel til sögu og samfélagsins á Álafossi.

### Álafosskórinn söng og leikfélagið teygði lopann

Félagar úr Leikfélagi Mosfellsveitar fenguðu tíðarandann og Álafosskórinn tók lagið. Kórinn var stofnaður árið 1980 sem starfsmannakór við ullarverkmiðjuna Álafoss og hefur starfað óslitið síðan. Boðið var upp á kaffi og veitingar í hléi og mikil ánægja var með kvöldið meðal viðstaddra.

Sögukvöldið var unnið í samvinnu við Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar, menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar og Hlégarð, og var hluti af Menningu í mars, verkefni á vegum Mosfellsbæjar



HÚSFYLLIR Í FÉLAGSHEMILINU

sem hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum. Er þetta í þriðja sinn sem slíkt sögukvöld er haldið en áður hefur verið fjallað um heita vatnið í sveitinni og fjölbreytta nýtingu þess, og hernámsárin í Mosfellsveit. Kvöldin hafa heldur betur slegið í gegn og fullt hefur verið út úr dyrum hverju sinni.

## Hvert fara skattpeningarnir þínir?

Þegar kjörnir fulltrúar fjalla um fjármál sveitarfélaga þá er mikilvægt að þeir geri það með þeim hætti að íbúar skilji stóru myndina.

Það er ósanngjarnt að taka út litla búta af púslinu sem sýna í raun bara það sem fólk vill sýna hverju sinni en lætur þann sem hlustar, eða les, um að geta sér til um hvernig heildarmyndin lítur út í raun og veru. Þannig verður umræðan ómarkviss og full af staðreyndavillum.

Að fjalla um rekstur sveitarfélags er í raun ekki alveg einfalt mál og kannski ekkert voðalega skemmtilegt heldur. En flest viljum við samt vita hvernig gengur og í hvað skattpeningarnir okkar fara.

### Hvað má eyða miklu núna?

Þegar við veltum fyrir okkur hvað má eyða miklum peningum í heimilisbókhaldinu þá byrjum við á að skoða tekjurnar ekki satt? Á þessu ári eru áætlaðar tekjur Mosfellsbæjar í A hluta um 21.1 ma.

Af þessum tekjum fara um 11 milljarðar í laun og launatengd gjöld þegar tekið er tillit til nýlegra kjarasamninga. Annar rekstrarkostnaður nemur rúmum 10 milljarðum.



### Má ekki alltaf gera betur?

Miðað við þetta umfang þá er nauðsynlegt að það fari fram reglulega skoðun á því hvort hægt sé að gera betur í rekstrinum. Við fjárhagsáætlunargerð ársins 2025 var lagt upp með að leitað yrði leiða við að hagræða um 200 milljónir. En það er um 1% af heildar-

gjöldum. Hagræðingarkrafan var sett á allan rekstur bæjarins. Ekki bara á fræðslumál eða á grunnskólana. Í því felst engin gagnrýni á það sem gert hefur verið. Þetta er einfaldlega eðlileg krafa í rekstri. Sá meirihluti sem fer með stjórnartaumana að þessu sinni telur að stjórnendur stofnana séu vel til þess fallnir að koma með tillögur að því hvar má hagræða. Enda hafa nú þegar verið lagðar fram góðar tillögur sem hafa ekki afgerandi áhrif á reksturinn og fela ekki í sér þækkun stöðugilda né minna þjónustustig. Þær staðhæfingar að þessar hagræðingar- aðgerðir séu skaðlegar skólastarfinu og feli í sér þjónustuskerðingu eru rangar.

Að stilla upp einni ákvörðun á móti annarri eins og forvarnarátakinu Börnin okkar og þeirri kröfu að grunnskólarnir okkar (sem velta um sex milljörðum króna) leiti leiða til hagræðingar um samtals 100

milljónir króna á þessu ári er í besta falli einföldun.

Umræðan á síðasta ári og undanfarnar vikur og mánuði um málaflokk barna. Aukningu á vímefnanotkun, ofbeldi, vopnaburði og vanlíðan barna verður að mæta með aðgerðum. Það teljum við okkur hafa gert með afgerandi hætti og erum sáttt með þá ákvörðun.

### Allar hugmyndir velkomnar

Eins og rakið hefur verið hér þá erum við að vinna með takmarkaða fjármuni. Það er nánast ógjörningur að sækja frekari tekjur þar sem það kæmi illa niður á heimilunum og það er ekki í samræmi við markmið hins opinbera um að lækka verðbólgu og vexti. Þannig verðum við að vinna með gjalda- hliðina - þó að það sé einnig afskaplega vandmeðfarið þar sem sveitarfélög veita viðkvæma og mikilvæga nærþjónustu - lögbundna og ólögbundna. Við fetum því stíginn mjóa og reynum að taka góðar ákvarðanir í samstarfi við þau sem veita og þiggja þessa góðu þjónustu.

Aldís Stefánsdóttir  
bæjarfulltrúi Framsóknar í Mosfellsbæ  
og formaður fræðslunefndar

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við Jón Rafn í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við Óskar í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér alla leið

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat

Jón Rafn Valdimarsson  
löggr. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
jon@miklaborg.is



Jón & Óskar



Óskar S. Axelsson  
löggr. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
osa@miklaborg.is

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar





Þann 20. mars árið 2015 var slökkvistöðin okkar í Mosfellsbæ vígd að viðstöddu fjölmenni. Stöðin er við Skarhólabraut 1, á horni Skarhólabrautar og Vesturlandsvegur og var hún tæp tvö ár í byggingu. Stöðin er um 2.000 fermetrar að stærð, með tvær hæðir og kjallara. Bygging hennar var sameiginlegt verkefni þeirra sveitarfélaga sem standa að SHS og var tilgangurinn með byggingu hennar að stytta viðbragðstíma og gera sveitarfélögum kleift að veita betri grunnþjónustu. Á þessum tíu árum hafa útköll dælubíls verið 1.208, þar af 235 vegna elda í byggingum. Boðanir í sjúkraflutninga hafa verið 1.930, þar af hafa verið 25 boðanir vegna fæðinga. 21. mars



**Hekla Daða**  
Ég heiti Hekla Ingunn Daðadóttir.

Undirskrift mín er yfirleitt Hekla Daða en ég skammast mín alls ekki fyrir að vera dóttir föður míns. 19. mars



**Leifur Guðjónsson**  
Vika í karlaorlof

sæll hvað það verður gaman Bauma25 við erum að koma... 30. mars



**Helena Kristinsdóttir**  
Lífið er of

stutt fyrir ljót fót, vondann mat, dramatískar kerlingar, vandamál, vesen, súr hvítvín og allt það, löbbum í burtu frá öllu sem veldur okkur ekki hamingju og gerum akkurat bara það sem okkur langar, því ef það er ekki gaman þá er svo leiðinlegt!! er það ekki kids??! 15. mars



**Kalli Tomm**  
Stúdíó Paradís eftir hálfan

mánuð. Nýtt lag frá gömlu refunum von bráðar. Hökkum mikið til... 30. mars



**Fébætur**

Innheimta slysa- og skaðabóta.

www.febaetur.is  
S: 547-4700.

**GLERTÆKNI ehf**

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



**LJÁRDALUR**  
WWW.LJARDALUR.IS

SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBÍLL P.B.  
Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA**

Lágafellslaug

Virkir dagar: 6:30 - 22:00  
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30  
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



**MALBIKSTÖÐIN**



**GIRÐIR**

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR  
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR  
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS  
WWW.GIRDIR.IS

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



**EININGAR EHF**


WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

**BRA**  
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AÚÐUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  
www.bilasprautun.is  554 2510

SIÓVA



**Útfararstofa Íslands**

www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



**GARÐMENN**

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

**VGH Mosfellsbæ**

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279



## HEYST HEFUR...

...að búið sé að loka Ísey og Djúsi stöðunum á N1.

...að Dana í íþróttahúsinu sé ólétt.

...að páskaáskorun Mosverja sé farin á fullt á fellunum í kringum bæinn.

...að organisti Lágafellssóknar sé búinn að segja upp störfum í Lágafellskirkju en styr hefur staðið milli hans og kirkjukórsins sem var gert að hætta.

...að Kristín María og Teddi eigi von á sínu öðru barni í sumar.

...að búið sé að stofna formlega Lúðrasveit Mosfellsbæjar fyrir áhugasama hljóðfæraleikara á öllum aldri.

...að verið sé að skoða sameiningu prestakalla í Mosfellsbæ og Kjós.

...að páskaþing Bankans verði haldið fimmtudagskvöldið 10. apríl.

...að Mosfellsbær sé að auglýsa eftir nýjum skólalastjóra í Kvíslarskóla.

...að Jóhanna B. Magnúsdóttir sé nýr formaður eldri borgara í Mosó.

...að Subway sé að koma aftur í Mosó og verði opnað á N1 ásamt Local, salatstaðnum.

...að GDRN muni syngja með Karlakór Kjalnesinga á vortónleikum kórsins í byrjun maí.

...að lögreglan hafi lagt hald á 90 kannabíspöntur í Mosfellsbæ í síðustu viku.

...að 16 nýjar einbýlishúsalóðir séu nú komnar til úthlutunar í Úgötu.

...að markmaðurinn okkar, Arnar Daði, hafi staðið sig vel með U21 í fótbolta gegn Skotlandi á dögnum.

...að Árni Magg verði fertugur á föstudaginn.

...að skráning sé hafin í KB þrautina sem fram fer í Mosó 17. maí.

...að nýi leikskólinn í Helgafellshverfi muni fá nafnið Sumarhús sem er skírskotun í sögu Laxness.

...að þvottastöðin Glans við Olís hafi opnað á dögnum en þurfti að loka aftur tímabundið vegna olíulyktar úr niðurföllum í nærliggjandi hverfi.

...að búið sé að loka leikskólanum á Hlaðhömrum og ákvörðun verði tekin á næstunni hvort hann verði rifinn.

...að Afturelding spili opunarleikinn í Bestu deildinni gegn ríkjandi meisturum Breiðabliks á laugardaginn.

...að starfsemin sem eftir er á Hlaðhömrum sé nú til húsa í Þverholti m.a. í húsnæði Myndó, Samfylkingarinnar og Rauða krossins.

...að Eydís Elfa og Óli Gunnar eigi von á sínu fyrsta barni í ágúst.

...að komin sé uppfærsla á torgið í Kósi Kjarna.

...að úrslitakeppnin í handbolta og blaki hefjist að Varmá á laugardaginn.

...að Lionsklúbbarnir í Mosó muni selja Rauðu fjöðrina um helgina.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Óðinn Erlingsson fæddist 28. nóvember 2024. Hann fæddist á Landspítalanum kl. 21.24 og var 19 merkur og 55 cm. Foreldrar hans eru Sif Elíasdóttir og Erling Agnarsson og er Óðinn þeirra fyrsta barn.



Andrea Dís Pétursdóttir, 15. desember 2024 kl. 14.44, fæddist 3550 gr., 14 merkur. Foreldrar hennar eru Kristín Helga Hermannsdóttir og Pétur Axel Jónsson

## Dreymir þig um eigið húsnæði?

Hafðu samband

Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

SÍMI:  
**586 8080**  
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

## Í eldhúsinu



HJÁ RAGNHILDI

### Steiktur fiskur með chilli sósu

Ragnhildur Hjartardóttir deilir hér með okkur fiskuppskrift sem kemur upprunalega frá Ástralíu og er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni og er hefð hjá þeim á Föstudeginum langa. Uppskrifin er fyrir fjóra.

#### Fiskur:

- 1 kg hvítur fiskur, ég nota gjarnan þorsk hnacka
- 1 dl. hveiti + 1 tsk salt blandað úti hveitið
- 2 egg, aðeins piskuð í skál

#### Aðferð:

Fiskurinn skorinn niður í hæfilega bita. Bitunum velt upp úr hveitinu og síðan upp úr piskuðu eggjunum og steikt upp úr olíu á pönnu, ef vill má klára eldunina á fiskinum í 180° heitum ofni í 15 – 20 mín.

#### Chilli sósa:

- Ferskt engifer, 5-7 cm bútur rifinn niður

- eða marinn í morteli (því meira engifer því sterkari og bragðmeiri verður sósan)
- Hálfur hvítlaukur pressaður
  - Tómat sósa ½ bolli
  - Heinz Chilli sósa 1 bolli
  - soya sósa 1-2 msk.
  - sykur 2 tsk.
  - vatn eða hvítvín 4-6 msk.
  - olía til steikingar 2msk.

#### Aðferð:

Hitið olíuna við vægan hita í potti, bætið rifnu engiferinu og pressaða hvítlauknum út í, hrærið í við miðlungshita í 1-2 mín., bætið þá tómatsósu,

Chilli sósu og soya sósu út í og hrærið í, þá er sykrunum bætt út í og að lokum þynnið út með vatni eða hvítvíni.

Borið fram með soðnum hringsgrjónum og fersku salati.

Verði ykkur að góðu

Ragnhildur skorar á Irina Timaskova að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

## SÚKKULAÐI OG SAMVERUSTUNDIR

Nú eru páskaþing að renna í hlað, enn eina ferðina!! Veðrið hefur ekki verið upp á marga fiska, það er aðeins búið að vera að stríða okkur – fallett vorveður og svo skellur á létt snjóköma, rok og rigning, en er það ekki bara hluti af því að búa á Íslandi?

Hver elskar ekki súkkulaði og samverustundir? Ég að minnsta kosti dýrka það. Páskaþing eru mjög skemmtilegur tími að mínu mati, og ekki skemmir fyrir að ég á yfirleitt afmæli í kringum páskana. Ég á reyndar afmæli aðeins fyrir páskana í ár, ég á afmæli í dag!!

Veisluhöldin hjá mér byrja þess vegna í dag og ég á alltaf afmæli í um það bil viku, alls ekki styttra – enda á maður bara afmæli einu sinni á ári og algjör óþarfi að láta það einskorðast við einn dag. Páskaþing taka síðan við af afmælishátíðinni. Hverjum finnst ekki skemmtilegt að borða mikið súkkulaði án þess að fá samviskubit?!

Ég hef tamið mér það að setjast reglulega niður og taka saman fyrir hvað ég er þakklát og hver markmiðin mín eru.

Mér finnst sérstaklega mikilvægt og gott að gera það í kringum hátíðir eins og páskana og jólin. Það er svo mikill styrkur í því að vera meðvitaður um hvað maður er þakklátur fyrir, að vera dugleg að þakka fyrir það og eins að vita hver markmiðin manns eru, hvert er ég að stefna og af hverju?

Það er auðvelt að missa sjónar á því í amstri dagsins en hátíðirnar minna mig á að staldra við og vera meðvituð.

Samverustundir með fólkinu sem manni þykir vænt um eru svo dýrmætari og ég nýt þeirra sérstaklega mikið um páskana og jólin. Þá einhvern veginn er hægt að setja hversdagsleikann á smá pásu, borða góðan mat og vera afvelta af súkkulaði-áti í faðmi fjölskyldu eða vana.

Ég hvet þess vegna alla til þess að búa til rými fyrir samverustundir með fólkinu sínu og borða eins mikið súkkulaði og ykkur langar!

Gleðilega páska <3



EMMA ÍREN



LJÚFFENGAR KÖKUR Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS





# SMÁ AUGLÝSINGAR

## Íbúð til leigu

49 fermetra 2ja herb.  
íbúð til leigu í Þverholti  
21 frá 1. júní nk. Flottar  
suðursvalir á 3. hæð.  
Nánari uppl 696-6000

Smáauglýsingarnar  
eru fríar fyrir  
einstaklinga  
mosfellingur@mosfellingur.is



**NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT**

**1. MAÍ**

Blaðinu er dreift frítt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.  
mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

# BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



## VILTU SELJA?

588 55 30  
WWW.BERG.IS

# HÖKUKENNSLA HREIÐARS

8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

## Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

## Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is



**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA  
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

# MG LÖGMENN

## Öll almenn lögfræðipjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



## Fótaaðgerðastofa

Þverholt 11  
sími : 566-6307

www.likamiogsal.is

Gjafakortin okkar er hægt að kaupa á netinu  
og fá sent í tölvupósti um hæð

Gjöf sem gleður alla



# BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

## Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042



## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



# MALBIKSTÖÐIN



# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað er besta páskaeggjö?



**ÓLI:**  
Eitthvað með karamellu.



**ELÍN HEIÐA:**  
Bragðarefseggjö.



**BENEDIKT:**  
Sterkar djúpur.



**SIGRÚN AGNES:**  
Prista eggjö.



**ARON SÖLVI:**  
Sterkar djúpur.



**EMMA:**  
Salt karmellu.

## Fylgdu okkur á Instagram...



## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Kjötiðnaðarmennirnir



Strákarnir okkar



Skytturnar þrjár



Guð blessi þá



Bjarki Sig and Listapúkinn



Mosfellingarnir að Varmá



Make Ísland Great Again



**MOSFELLINGARNIR GABRÍEL OG ANDRÉS**  
**KOKKUR ÁRSINS OG GRÆNMETISKOKKUR ÁRSINS**

### TVÍFARAR



Grímur Grímsson



Yasser Arafat

## Hárstofan Sprey

Hægt er að panta tíma á Sprey.is eða í síma 5176677 Mosfellsbæ og Garðabæ.





# MIG LANGAR AÐ KYNNNA MIG!


Nú fer að líða að vori og þá fara margir að hugsa sér til hreyfings hvað varðar húsnæði.

Ég hef starfað sem fasteignasali í yfir 10 ár með mjög góðum árangri. Ég er búsett í Mosfellsbæ og vil endilega fá að vinna fyrir þig.

Mín leiðarljós eru:

- Heiðarleiki
- Trúnaður
- Eftirfylgni

Ég legg mikla áherslu á fagleg vinnubrögð og undirbý sölu og myndatöku á vandaðan hátt og næ þannig að hámarka verðið fyrir eignina þína.



**Vera  
Sigurðardóttir**

Löggiltur fasteignasali

**866-1110**

vera@domusnova.is

## ÖLL ALMENN MÚRVINNA


- Múr- og sprunguviðgerðir •
  - Steypuslípun •
  - Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
  - Flotun •
  - Hleðslur •
  - Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,  
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is



Fisk ~  
búðin  
Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699





## BEST Í UPPELESTRI

Stóra upplestrarkeppnin var haldin í Helgafellsskóla þann 27. mars en keppnin er haldin árlega á milli 7. bekkinga grunnskólanna. Rebecca Lív lenti í fyrsta sæti og Aron Bragi í 2. sæti en þau eru bæði í Helgafellsskóla. Í þriðja sæti hafnaði Sonja Salín úr Kvislarskóla.

Mynd/AnnaÓlöf

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

## MÚLALUNDUR

Ritfangaverslun í  
Mosfellsbæ!

Verið velkomin í verslun  
Múlalundar  
við Reykjalund



www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



Brynjólfur Jónsson  
löggiltur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð  
897 0047



*Erum með trausta kaupendur  
að eftirfarandi eignum:*

- Einbýlishúsi, helst á einni hæð í Höfðahverfi.
- Par- eða raðhúsi í Lindarbyggð, Furubbyggð eða Grenibbyggð.
- 2ja til 3ja herb. íbúð með sérinngangi í Klapparhlíð eða Þrastarhöfða.
- Rað- eða parhúsi í Laxatungu eða Vogatungu.
- 150 til 200 fm atvinnuhúsnæði að Esjumelum.